



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110 023513

Fimmtudagur

27. janúar 2011

4. tbl. · 28. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



FJÖLSKYLD
UTILBOD!
FJÖLSKYLDUTILBOD!

FJÓRIR
HAMBÖRGARAR

2L
COKE

STÓR
SKAMMTUR
FRANSKAR

TVÆR
KOKTEILSÓSUR

3490. kr



HAMRABORG
Hamraborg ehf. · Hafnarstræti 7 · Sími 456 3166



Söngelski bóndinn

„Ég veit að undireins og ég gat staðið á fótunum fór ég að raula lög,“ segir Brynjólfur Árnason, bóndi á Vöðlum í Önundarfirði sem gaf á dögnum út nótnahefti með 20 sönglögum sem hann hefur samið. Brynjólfur, sem verður níræður í sumar, segir meðal annars frá ballferðum, orgelflutningum á sleða og smyglaðri harmóníku á miðopnu í dag.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐINNI
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |

EIMSKIP
Flytjandi

Samkeppnishæfni landsbyggðarinnar fer versnandi

Síhækkandi eldsneytisverð hefur skaðað samkeppnishæfni landsbyggðarinnar verulega og þá sérstaklega útflutningsfyrirtæki sem þurfa að koma afurðum sínum á markaði erlendis. „Á undanförunum árum hafa mörg iðnfyrirtæki horfið af sjónarsviðinu hér vestra og með þeim yfir 300 störf,“ segir Jóhann Jónasson, framkvæmdastjóri 3X Technology á Ísafirði. „Nú er svo komið að það er orðið verulega óhagstætt að hafa iðnfyrirtæki starf-

andi á landsbyggðinni. Sér í lagi þegar horft er til síhækkandi eldsneytisverðs sem hefur áhrif á flutningsgjöld og þar með skakka samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem þurfa að flytja til sín aðföng og frá sér tilbúna vörur á markaði erlendis. Samkeppnisstaða landsbyggðarfyrirtækja gagnvart fyrirtækjum á Reykjavíkursvæðinu og síðan gagnvart fyrirtækjum í Evrópu hefur farið hríðversnandi,“ segir Jóhann.

„Nú er svo komið að vöruflut-

ingur frá Ísafirði til Reykjavíkur er helmingurinn af flutningskostnaði vörunnar á leið sinni til hafnar í Evrópu. Þegar vara er flutt frá Ísafirði til Reykjavíkur með flutningabíl nemur svokallað olíugjald nálega þriðjung af kostnaðinum á þeim flutningslegg. Þessi þróun er tilkomin vegna skattþíningarstefnu stjórnvalda og síðan heimsmarkaðsverði á olíu. Því er hægt að segja að stefna núverandi ríkisstjórnar með auknum álögum á eldsneyti komi harðast niður á útflutningsfyrirtækjum á landsbyggðinni. Kostnaður við aðföng er kominn langt yfir það sem nokkurt fyrirtæki getur tekið á sig, enda lætur nærri að félög í iðnaðarframleiðslu, að stóriðju undanskilinni, á landsbyggðinni greiði á endanum 10%

hærra hráefnisverð en félög sem starfa nærri skilgreindri útflutningshöfn, þ.e. í Reykjavík. Því er það tómmt mál að tala um að auka útflutning með nýsköpun í iðnaði eins og svo vinsælt er að stjórnmálamenn skreyti sig með á tyllidögum, allavega þarf ekki að hafa miklar áhyggjur af því slík félög sækja fram á landsbyggðinni,“ segir Jóhann.

Jóhann segir þó að ábyrgðin liggja ekki alfarið hjá ríkinu. „Ábyrgðin liggur einnig hjá sveitarstjórnunum; aðgerðarleysi þeirra og röng forgangsriðun hefur ekki spornað við hnignuninni. Í því sambandi má nefna að það er ótrúlega lítil umræða um samkeppnishæfni byggðakjarna á landsbyggðinni og fólk er alltaf jafn hissa þegar að fyrirtæki loka

eða leggja upp laupana á landsbyggðinni. Það er ótrúlega lítill áhugi innan sveitarstjórna um að greina samkeppnisstöðuna, bæði innbyrðis milli sveitarfélaga á landsbyggðinni annars vegar og gagnvart höfuðborgarsvæðinu hins vegar. Sveitarfélögin eiga ekki að vera upptekin af því að finna uppá hverskonar fyrirtæki þau vilja fá á svæðið, heldur einbeita sér að því að skapa jarðveg með góðum gróanda,“ segir Jóhann.

„Það er brýnt að samfélagið hér vestra undir forystu bæjar- yfirvalda komi saman til að móta leiðir sem tryggja viðgang iðnaðar og almennra starfsskilyrða á svæðinu. Með áframhaldandi aðgerðarleysi hefur teningunum verið kastað,“ segir Jóhann.



Viltu breyta?

Þriggja mánaða námskeið þar sem þátttakandi er aðstoðaður við að velja holla lifnaðarhætti. Notaðar verða einstaklingsmiðaðar aðferðir til að styðjast við, leiðbeina, veita fræðslu og hvetja þátttakanda. Þáttökuskilyrði eru að líkamsþyngdarstuðull sé hærri en 30 BMI.

Takmarkaður fjöldi, lokaður hópur

Heilsufarsviðtöl hjá hjúkrunarfræðingi.

Viðtöl og farið yfir matardagbók með næringarfræðingi.

Viðtal hjá sjúkrapjálfa.

Styrktar- og hreyfipjálfun hjá íþróttakennara.

Vatnsleikfimi hjá leiðbeinanda.

Almenn fræðsla um góða lifnaðarhætti.

Starfsfólk:

Sigrún Gerða Gísladóttir, hjúkrunarfræðingur, MA í stjórnun.

Salome Elín Ingólfssdóttir, næringarfræðingur.

Sigurgeir Sigurgeirsson, matreiðslumaður.

Jónas Leifur Sigursteinsson, íþróttakennari.

Guðrún D. Guðmundsdóttir, stuðningsfulltrúi.

Martha Ernsts dóttir, sjúkrapjálfi.

Fanney Pálsdóttir, sjúkrapjálfi.

Skráning er hjá Ragnheiði Ragnarsdóttur í síma 862 7615. Námskeiðið hefst miðvikudaginn 2. febrúar 2011 kl. 20:30 í Hvítahúsinu. Verð kr. 21.000.- fyrir þrjá mánuði.

Fyllsta trúnaðar verður gætt við þátttakendur. Möguleiki er að sækja um styrk hjá viðkomandi stéttarfélagi.



Elías Jónatansson, bæjarstjóri Bolungarvíkur, tekur á móti ávísuninni frá Guðlaugu Elíasdóttur.

Rúmar 1,3 milljónir króna til stólakaupa

Vegleg peningagjöf var afhent Bolungarvíkurkaupstað í upphafi þorablótsins í Bolungarvík á laugardaginn. Upphæðin nam rúmlega 1,3 milljónum króna en um var að ræða varasjóð þorablótsnefnda undanfarin ár sem ætlað er til stólakaupa í hinu nýupp-

gerða félagsheimili Bolvíkinga.

„Þorablótið er ekki fjáröflunarsamkoma en eins og konum sem reka heimili er títt, verður alltaf einhver smá afgangur til, en safnað hefur verið saman undanfarin tíu ár í svokallaðan stólakaupasjóð,“ segir Þóra Hansdóttir

ir formaður þorablótsnefndar.

Svo skemmtilega vildi til að Guðlaug Elíasdóttir sem fór fyrir nefndinni sem stofnaði sjóðinn á sínum tíma var einnig í þorablótsnefndinni í ár og þótti því tilvalið að hún skyldi afhenda ávísunina. – thelma@bb.is

Samkaup**úrval**

góðir grannar



Sparnaðartilboð helgarinnar 28. - 30. janúar



699

398 kr/pk**Kjúklingavængir**

500g, frystir, frá Rose



1.498

899 kr/kg**Kalkúnasneiðar í raspi**

frá Ísfugli

**Tilboð!**Súrir lundabaggar... **1.198** kr/kgSúrar bringukollur.. **1.038** kr/kgSúr blóðmör..... **1.198** kr/kgSúr lifrarpýlsa..... **1.198** kr/kgNý sviðasulta..... **1.598** kr/kgSúr sviðasulta..... **1.838** kr/kgNý grísa-sulta..... **1.038** kr/kgSúr grísa-sulta..... **1.118** kr/kgHrútsþungar..... **2.318** kr/kg

329

247 kr/kg**Hvítlaugsbrauð**

2 stk, 350g, frá Coop

...sjá uppskrift Bökuð rófustappa á samkaupurval.is



50% afsláttur

Gulrófur

125 kr/kg

verð áður 249 kr/kg



3.898

2.729 kr/kg**Kindalundir**

úr kjötbörði eða pakkaðar ferskar



1.349

809 kr/kg**Kindahakk**

úr kjötbörði eða pakkað ferskt



2.298

1.494 kr/kg**"Pork Roast" grísa-hnakki**

frá Goða

**1.998** kr/kg**Kindainnralæri**

úr kjötbörði eða pökkuð fersk



Fryst fersk ber frá Coop á tilboði!

...einstök þjónusta í **góðum verslunum**



Níu íþróttamenn voru tilnefndir í ár.

Emil kjörinn annað árið í röð

Knattspyrnumaðurinn Emil Pálsson hefur verið útnefndur Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar árið 2010. Er þetta annað árið sem Emil hlýtur nafnbótina. Emil er 17 ára, stóð sig frábærlega með meistaraflakki BÍ/Bolungarvíkur í 2. deildinni í sumar og var valinn efnilegasti leikmaðurinn í loka-hófi liðsins. Emil var valinn í lið ársins í 2. deild af knattspyrnu-vefnum fotbolti.net og komst nærri því að vera valinn efnilegasti leikmaðurinn í þeirri kosningu. Einnig hefur Emil sýnt góða takta með U18 landsliði Íslands og keppt meðal annars á æfinga-

móti í Falkenberg í Svíþjóð þar sem hann var byrjunarmaður í öllum leikjunum. Hann hefur verið fastamaður í unglinga-landsliðum KSÍ og stundar nú æfingar með U-19 ára landsliði Íslands.

Viðurkenning fyrir útnefninguna og farandbikar var afhentur við hátíðlega athöfn í Stjórn-sýsluhúsinu á Ísafirði á sunnu-dag. Emil var fjarri góðu gamni og tók því faðir hans, Páll Harðarson, við viðurkenningunni fyrir hönd sonar síns.

Níu íþróttamenn fengu þá við-urkenningu fyrir góðan árangur

á árinu 2010 við formlega athöfn í Stjórn-sýsluhúsinu á Ísafirði. Þeir sem voru tilnefndir auk Emils voru Anton Helgi Guðjónsson hjá Golfklúbbi Ísafjarðar, Elena Dís Víðisdóttir hjá Sundfélaginu Vestra, Elín Jónsdóttir hjá Skíða-félagi Ísfirðinga, Guðmundur Valdimarsson hjá Skotíþróttafélagi Ísafjarðarbæjar, Jóhann Bragason hjá Hestamannafélaginu Stormi og Margrét Rún Rúnarsdóttir hjá Knattspyrnufélaginu Herði. Að auki hafa Craic Schoen hjá KFÍ og Ragney Líf Stefánsdóttir hjá Íþróttafélaginu Ívari bæst í hópinn. – thelma@bb.is



Boðið var upp á glæsilegar veitingar að athöfn lokinni.



Páll Harðarson, faðir Emils, tók við viðurkenningunni.

BONUS BONUS BONUS BONUS



ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS GÓÐUR TILBÚINN MATUR FYRIR 3-4

ÞARF AÐEINS
AÐ HITA!



BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR



BÓNUS BURRITOS 4 STK.



BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE



BÓNUS HEILSURÉTTUR

998

KR. STK.



FERSKT BLANDAÐ HAKK 100% KJÖT
60% NAUT & 40% GRÍS



BARILLA SPAGHETTI 1 KG



PYKKVABÆJAR FROSNIR
KARTÖFLUBÁTAR 700g



EGILS ORKA 500ml 98 kr.



SKORNIR 129 KR
HEILIR 109 KR

Hunt's TÓMATAR 410g



Hunt's SPAGHETTISÓSUR 750g



MOUNTAIN DEW 500ml 98 kr.



COKE ZERO DÓS 33 CL 59 kr.



KJARNAFÆÐI: FROSIÐ 100%
NAUTAHAKK 620g RULLAN
FROSIÐ NAUTAHAKK



KJARNAFÆÐI: FERSKT
KJÖTFARS 620g RULLAN
FROSIÐ KJÖTFARS



NORDANFISKUR FERSKUR
FISKBUÐINGUR 620g
FISKBUÐINGUR



ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
598 KR. KG.



EUROSHOPPER BABYWIPES 72 STK.
10 KR. VERÐLÆKKUN



NIVEA CLEANSING WIPES
ANDLITSKLÚTAR

EUROSHOPPER BLEIUR

Verð nú: 1398 kr.pk



MIDI 56 stk.

MAXI 50 stk.

JUNIOR 44 stk.



NIVEA STURTUSÁPA
RISABRÚSI 750ML



Neutral
STORVASK
ÞVOTAEFNI 1.9

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

Stækkun háð umhverfismati

Umhverfisráðuneytið hefur staðfest úrskurð Skipulagsstofnunar um að aukning þorskeldis í Skutulsfirði verði að fara í umhverfismat. Ráðuneytinu barst í febrúar í fyrra stjórnsýslukæra frá Álfsvelli ehf. vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar um að eldi á allt að 900 tonnum á ári af þorski í Skutulsfirði skuli háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Samkvæmt gögnum málsins er fyrirhugað að kvíar fyrir eldisfisk verði átta talsins í vestanverðum firðinum, um 800 metra frá landi, ummál þeirra verði allt að 60 metrar, dýpt netpoka allt að 12 metrar og dýpi undir kvíum að meðaltali 22 metrar. Þá verði innsta kvíin rétt rúman kílómetra frá Eyrinni og jafnlangt frá næstu skólplögn. Einnig kemur fram að milli Arnarness og Eyrar sé botndýpi mest um 30 metrar, en um 17 metrar við mynni Skutulsfjarðar.

Í niðurstöðu ráðuneytisins segir að er það mat ráðuneytisins að gögn málsins bendi til þess að núverandi eldisstarfsemi kæranda í Skutulsfirði hafi nú þegar haft neikvæð áhrif á botndýralíf og að fyrirhuguð framkvæmd kunni þar af leiðandi að hafa frekari neikvæð umhverfisáhrif. Þá telur ráðuneytið að gögn um mikilvæga þætti séu ekki fullnægjandi til að unnt sé að meta



Umhverfisráðuneytið hefur staðfest úrskurð Skipulagsstofnunar um að aukning þorskeldis í Skutulsfirði verði að fara í umhverfismat.

hugsanleg umhverfisáhrif, þ.e. um lífríki svæðisins og um áhrif uppsöfnunar næringarefna á sjávarbotni á annað dýralíf og hvaða keðjuverkunbreyting á botndýralífi gæti haft í för með sér fyrir vistkerfi svæðisins. Telur ráðuneytið ljóst að upplýsingar um lífríki svæðisins séu grunnupp-

lýsingar sem þurfi að vera til staðar til að unnt sé að meta áhrif uppsöfnunar næringarefna á dýralíf og að fara þurfi fram könnun á mögulegum áhrifum hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar á botndýralíf og vistkerfi svæðisins til að unnt sé að sýna fram á raunveruleg umhverfisáhrif fram-

kvæmdarinnar.

Þá liggja ekki fyrir af hálfu framkvæmdaraðila áætlanir um vöktun og hvíld svæða, sem væru til þess fallnar að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum á botndýralíf. Í því sambandi tekur ráðuneytið undir það mat Skipulagsstofnunar og Hafrannsókn-

stofnunar að takmarkaðir möguleikar séu á því að færa til sjókvíar og þar með að ráðast í mótvægisáðgerðir sem myndu draga úr álagi á botndýralíf vegna uppsöfnunar næringarefna. Telur ráðuneytið þær takmarkanir leiða til þess að meiri líkur eru á neikvæðum umhverfisáhrifum.

Spurningin

Finnst þér ríki og sveitarfélag hafa brugðist Flateyringum?

Alls svöruðu 481.

**Já sögðu 289 eða 60%
Nei sögðu 192 eða 40%**

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Vestan og suðvestan 8-13 m/s og eljagangur, en bjartviðri Austanlands. Frostlaust út við sjóinn en vægt frost inn til landsins.

Horfur á laugardag: Sunnan- og suðvestan-átt. Rigning sunnan- og vestanlands en annars úrkomulítið. Hiti 1-8 stig.

Horfur á sunnudag: Sunnan- og suðvestan-átt. Rigning sunnan- og vestanlands en annars úrkomulítið. Hiti 1-8 stig.

Ritstjórnargrein

Ekki eina nefndina enn!!!

Við þær aðstæður sem nú eina ferðina enn eru uppi á Flateyri rifjast upp ræða er Einar heitinn Oddur Kristjánsson, hélt á Alþingi 8. október 2001, er rætt var um kvótasetningu smábáta og hann viðhafði þau orð að ef ekki yrði horfið frá þeim áformum væri verið „að deyða þennan útgerðarflokk og þar með stóran hluta landsbyggðarinnar og mjög mörg sjávarþorp.“

Einu sinni trúðu allir, sjómenn þar engin undantekning, að sjórinn gleypiti allt. Þess vegna var hann ein stór ruslakista. Nú vita menn betur. Einu sinni trúðu menn, sjómenn þar engin undantekning, að sjávarfangið væri óþrjótandi. Aflamagnið upp úr sjó var keppikeflið hverju sinni, sama hvaða aðferðum og tilkostnaði var beitt. Veidiðelið hefur alla tíð verið samt við sig.

Það flögrar að þegar ráðamenn hafa sest niður til að ígrunda lausnir á vandanum sem blasir við íbúum Flateyrar, þá væri þeim stóð í að glugga í ræðu EOK. Velkist einhver þeirra í vafa um hverjar grunnstoðir sjávarþorpa eins og Flateyrar hafa verið í gegnum aldir, tekur lestur ræðu EOK af allan vafa. Svo augljóst sem það ætti öllum að vera hafa Flateyringar frá öndverðu byggt afkomu sína á sjávarfanginu, sem segja má að bíði þeirra við bæjardyrnar. Þar liggur þeirra réttur, sem illu heilli var tekinn frá þeim, lík og íbúum fjölda annara sjávarþorpa, réttur fólks sem hefur ekki í önnur hús að venda.

Frá því var greint á bb.is. í byrjun árs að fjórir bolvískir smábátar

fiskuðu meira samanlagt en stærsti frystitogari Vestfirðinga, sem hafði þó slegið fyrri aflamet. Vera má að fréttin opni augu manna fyrir því að sjósókn á smábátum er önnur í dag en var á meðan sest var undir árar.

Vandinn er bráður. Flateyringar geta ekki beðið eftir niðurstöðu í endalausum rifrildi um fiskveiðistjórnun, eða að fiskum fjölgi í tölvuforritum Fiskistofu. Lausn mála á Flateyri varðar velferð fólks, framtíð þess. Þess vegna verður að bregðast við tafarlaust. Ekki eina nefndina enn!!!

Landsstólpi

Útgerðarfélög og fiskvinnslufyrirtæki hafa orðið til og horfið í gegnum tíðina hér vestra líkt og annars staðar. Eitt þeirra hefur þó til þessa staðið af sér alla storma, Hraðfrystihúsið hf. í Hnífsdal, sem sautján manns stofnuðu 19. janúar 1941 og fólu Páli Pálssyni, Elíasi Ingimarssyni og Hirti Guðmundssyni, að varða veginn; forveri Hraðfrystihússins Gunnvarar, þess öfluga og kraftmikla útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækis, sem horft er til í dag með miklum væntingum. Fátt er samfélagi jafn mikilvægt og traust og öflug fyrirtæki.

Bæjarins besta sendir afmælisbarninu, eigendum og starfsfólki, kveðjur og árnaðaróskir.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. · Kristján Torfi Einarsson, sími 456 4560, kte@bb.is. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

Lúxus · Rómantík · Úrvals veitingastaður · Mannfagnaðir

GREAT HOTELS
OF THE WORLD
PREMIUM COLLECTION



Átt þú stórafmæli á árinu 2011?

... 20 - 30 - 40 - 50 - 60 - 70 - 80 - 90 - 100 ára ...

Hótel Rangá býður öllum sem eiga stórafmæli
á árinu einstakt afmælistilboð.

Gisting fyrir tvo á aðeins 2011 krónur
á sjálfan afmælisdaginn ef haldið er upp á afmælið
með kvöldverði á veitingastað hótelsins.

Nánari upplýsingar á hotelranga.is/2011



Hótel Rangá | 851 Hella | Sími 487 5700 | Fax 487 5701 | hotelranga@hotelranga.is | www.hotelranga.is

Vil líf í



Þau Wouter Van Hoeymissen og Janne Kristensen hrifust af Íslandi hvort í sínu lagi. Leiðir þeirra lágu saman í Reykjavík, en í dag eru þau búsett á Þingeyri, þar sem þau reka kaffihúsið Simbahöllina í húsinu sem gengið hefur undir sama nafni í áratíðir.

Frá því að Simbahöllin opnaði snemmsumars 2009 hafa fjölmargir lagt leið sína þangað til að dást að húsakynnunum eða gæða sér á kaffibolla og belgísku vöflunum sem eru aðalmerki kaffihússins. Janne Kristensen hefur staðið vaktina á bak við afgreiðsluborðið, og hún sagði blaðamanni frá aðdraganda þess að hún og Wouter, sem er Belgí, réðust í kaffihúsarekstur á Vestfjörðum.

Ætlaði ekki aftur í smábæ

Janne og Wouter kynntust í Reykjavík fyrir nokkrum árum

síðan. „Ég var þá skiptinemi í háskólanum,“ segir Janne, sem er dönsk. „Ég var að læra bókmenntafræði í Danmörku, en kom til landsins sem skiptinemi til að læra íslensku og fræðast um íslenska menningu,“ útskýrir hún.

Janne hafði þá heimsótt landið margsinnis áður. „Ég kom fyrst til Íslands fyrir svona tíu árum síðan og var þá að vinna í gróðurhúsi á Suðurlandi. Ég kom svo oft aftur, fór á Airwaves og var mikið í Reykjavík. Ég var að vinna fyrir plötbúðina 12 tóna, sem var líka með verslun í Kaupmannahöfn,“ útskýrir Janne, sem segist þó ekki hafa séð fyrir að hún ætti eftir að setjast að á Þingeyri.

„Ég hafði alltaf áhuga á Íslandi, en ég hafði aldrei hugsað mér að flytja hingað, og alls ekki út á land!“ segir hún og hlær við. Smábæjarlífið er henni þó ekki ókunnugt, þar sem hún er fædd og uppalin í litlum bæ á Jótlandi.

„Ég fluttist hins vegar þaðan og til Kaupmannahafnar, þar sem ég bjó í nokkur ár, og hafði ekki hugsað mér að snúa aftur í smábæ,“ segir hún og brosir.

Hrifust af húsinu

Þegar þau Janne og Wouter kynntust, hafði hann þegar dvalist á Þingeyri um skeið, þar sem hann vann meðal annars við byggingu á víkingasvæðinu.

„Hann snéri reglulega aftur til Þingeyrar og sá að þetta hús var til sölu. Þegar við kynntumst var hann farinn að hugsa alvarlega um að kaupa húsið og gerði það svo svona hálfu ári síðar. Þá vorum við samt ekkert farin að hugsa um að flytja hingað eða opna kaffihús,“ útskýrir Janne.

Hún segir þá hugmynd hafa fæðst smátt og smátt, eftir því sem þau hrifust meira af húsinu. „Smám saman fór okkur að langa að gera eitthvað meira úr húsinu. Við urðum alltaf ástfangnari af

því,“ segir hún og brosir. „Fólk kom líka mikið til okkar og sagði okkur sögur af búðinni. Við fórum þess vegna að hugsa um hvað það væri gaman að geta gert eitthvað fyrir Þingeyri, og íbúana, með því að hafa aftur líf í húsinu,“ segir hún frá.

Simbahöllin dregur nafn sitt af versluninni sem kaupmaðurinn Sigmundur Jónsson starfrækti í yfir sextíu ár. Húsið var þá þekkt sem Sigmundarbúð eða Simbahöllin, enda var kaupmaðurinn kallaður Simbi af vinum og kunningjum. Húsið lét Sigmundur flytja inn frá Noregi, en það er svokallað katalóghús. Hann greiddi þá tíu þúsund krónur fyrir bygginguna. Hún hafði hins vegar verið í mikilli niðurníðslu í fjölda ára, áður en Wouter og Janne tóku til hendinni.

Hafði reynslu af leikmyndasmíði

„Wouter er í rauninni sjálf-

lærður. Hann hefur unnið mikið með tré, en hann er ekki lærður smiður,“ útskýrir Janne. „Hann hafði hins vegar unnið mikið í kvikmyndum og smíðað leikmyndir og svið. Þá var hann hins vegar alltaf að byggja eitthvað sem var svo rífið og hent þegar verkefninu lauk. Hús eru öðruvísi, þau geta staðið í hundrað ár,“ segir Janne, sem segir verkefnið þess vegna hafa höfðað til Wouters.

Vinnan tók nokkur ár, enda framkvæmdi hann stærstan hluta hennar sjálfur. „Hann gerði þetta smátt og smátt, byrjaði úti og gerði meira að segja gluggana sjálfur upp í gömlum stíl, því það var allt of dýrt að kaupa þá tilbúna. Ég var þá í skóla í Danmörku á veturna, en kom hingað yfir sumarið. Wouter var hins vegar meira og minna hér á Þingeyri á þeim tíma,“ segir Janne.

Hálfgert ævintýri

Vilja hafa í höllinni



Eins og þeir vita sem ráðist hafa í það snúna verkefni að gera upp gömul hús getur vinnan reynst afar krefjandi á köflum, og Simbahöllin var þar engin undantekning. „Þetta var oft erfitt, líka af því að hann hefur reynt að gera allt sjálfur. Til að byrja með var líka erfitt að þurfa að panta efni á íslensku, og finna út hvar hann gæti fengið það. Þetta var svolítið ævintýri,“ segir hún og brosir.

„Það er hins vegar mjög gaman eftir á að hafa gert svona mikið sjálfur. Það var líka kostur að þetta tæki langan tíma. Með því að búa í húsínu á meðan áttaði maður sig betur á því hvernig hlutirnir ættu að vera. Það kemur til manns smám saman, eftir því sem maður kynnist húsínu betur,“ bendir hún á.

„Húsið er líka svo gamalt og fallett. Það má ekki flýta sér of mikið og rífa allt út, heldur verður að hugsa vel um allt, finna út hvað sé best að setja á gólfinn til

að halda gamla stílnum og slíkt,“ bætir hún við.

Alltaf bakað mikið

Eins og áður sagði var það ekki upphafleg áætlun þeirra Janne og Wouters að opna kaffihús í húsnæðinu. „Við hugsuðum hins vegar frá byrjun að ef við ætluðum að búa hérna á Þingeyri þá væri gaman að búa til einhvern stað þar sem fólk gæti komið saman. Ég held að hugmyndin um að opna kaffihús hafi kviknað svona ári eftir að við keyptum húsið, út frá gömlu búðarinnrétt-ingunum, til dæmis. Þá fórum við að hugsa um að þetta gæti hentað vel sem kaffihús,“ útskýrir Janne.

Frá opnun Simbahallarinnar sumarið 2009 hafa enda fjölmargir lagt leið sína á kaffihúsið, þar sem Janne framreiðir ýmsar kræsingar. Hún segist þó ekki hafa haft mikla reynslu af kaffihúsa-rekstri eða eldamennsku áður en

Simbahöllin opnaði. „Ég hef enga „professional“ reynslu, en mér hefur alltaf fundist gaman að baka og gert mikið af því, með ömmu minni til dæmis,“ segir hún brosandí. „Svo æxlaðist þetta einhvern veginn svona.“

Stolt kaffihússins er belgíska vöfflujárnið sem á heiðursess á afgreiðsluborðinu. Þaðan berast gestum ilmandi hefðbundnar vöfflur að hætti Belga, en Janne leitar sömuleiðis í íslenska náttúru að hráefni í kræsingarnar. Rabarbarasulta Simbahallarinnar hefur til dæmis gert mikla lukku, en hana gerir Janne úr rabarbara úr fjallshlíðum Dýrafjarðar. Hún er þó frábrugðin þeirri hefðbundnu íslensku að því leyti að hún er soðin mun styttra og er fyrir vikið bæði öðruvísi á litinn og bragðið. Bláberjapæ, heima-bakað brauð og súpur Janne hafa ekki síður mælst vel fyrir hjá gestunum.

Í framtíðinni hyggjast þau Wouter svo bæta enn við matar-framboðið og í sumar verður til að mynda boðið upp á lamb í kjallara Simbahallarinnar.

Viðtökur vonum framar

Janne segir það mikinn kost við íslenskt samfélag að auðvelt sé að hrinda hugmyndum í framkvæmd. „Það er svo auðvelt að byrja á einhverju svona, sem okkur finnst svo gaman. Í bæði Danmörku og Belgíu er erfitt að gera upp gamalt hús og stofna kaffihús, en hér gerist það bara einn, tveir og þrír,“ segir hún.

Hún segir reksturinn hafa gengið afar vel bæði sumrin. „Eiginlega betur en við bjuggumst við. Við héldum kannski að það væri helst fólk hér, á Þingeyri og Ísafirði sem vissi af okkur, en það kemur líka fólk frá Reykjavík og alls staðar að sem hefur heyrt um okkur. Það kom okkur algjörlega á óvart,“ segir hún.

Vilja hafa líf í höllinni

Þó að Simbahöllin sé lokuð yfir veturinn eru þar þó ýmsar uppákomur. Janne hefur haft opið alla sunnudaga á adventunni og hyggur sömuleiðis á opnun í kringum páskana, áður en Simbahöllin opnar svo aftur á venjulegum tíma næsta sumar.

„Kvenfélagið hefur komið til mín í súpu og svona, og núna bráðlega kemur til mín hópur í danskt smørrebrød. Ég ætla að vera með meira slíkt á næsta ári. Ég hef ekkert auglýst það núna, þau höfðu bara samband við mig og spurðust fyrir. Það er líka eitthvað sem við erum alltaf opin fyrir – hópar geta haft samband við okkur og fengið að koma í mat, smørrebrød eða hvað sem þeim hentar. Svo fremi sem við séum á staðnum er það lítið mál,“ segir Janne. „Við erum mest hérna, en við höfum líka farið



svolítið út. Það er gaman að breyta til og gera eitthvað annað,“ bætir hún við.

Þau hafa sömuleiðis hýst ýmsar uppákomur í höllinni, svo sem tónleika og uppistand, og reyna að hafa tvær listsýningar á hverju sumri.

„Okkur langar að hafa líf í húsínu, en það getur hins vegar verið svolítið erfitt að finna fólk

í það. Í sumar var svolítið um það að fólk hefði samband að fyrri bragði og vildi fá að gera eitthvað hjá okkur, sem okkur finnst mjög gaman. Það má mjög gjarnan hafa samband við okkur, við erum alltaf að leita að einhverju skemmtilegu, en vitum kannski ekki alltaf hvar við eigum að byrja,“ segir hún og brosir.

– Sunna Dís Másdóttir.

Aðgerðir vegna stofnfjárlána samþykktar

Aðgerðir vegna stofnfjárlána SpKef hafa verið samþykktar í stjórn SpKef Sparisjóðs. Fjölmargir Vestfirðingar tóku þátt í stofnfjárukningu Sparisjóðs Vestfirðinga áður en hann sameinaðist Spkef árið 2008. Viðskiptin voru kynnt af stjórnendum sjóðanna sem örugg fjárfesting og lánuðu sjóðirnir mikið fé til kaupa á stofnfé. Ári eftir sameininguna, í mars 2009, var SpKef

gjaldþrota og stofnfjáreigendurnir sátu eftir með sárt ennið, en nú hefur verið ákveðið hvernig skal meðhöndla þessi lán.

Stofnfjárnbréfalán verða færð í upphaflegan höfuðstól að viðbættum 3,75% óverðtryggðum vöxtum frá útgáfudegi og erlend lán verða færð á upphaflegt gengi gjaldmiðla, en sömuleiðis með 3,75% vöxtum og þau færð í íslenskar krónur. Lánin verða

óverðtryggð til allt að 25 ára.

Á heimasíðu SpKef kemur jafnframt fram að óski lántakendur eftir því að staðgreiða lánin að lokinni skilmálabreytingu verði að auki boðið upp á afslátt sem nemur 10% af heilarstöðu. Þá verði tekið tillit til allra innborgana á lánin, þar með talinn inngreiddur arður árið 2008, sem nam 20% af heiluruppreiknuðu stofnfé.

– kte@bb.is



Flestir áttu heima í Ísafjarðarbæ eða 3.800 en íbúum fækkaði um 100 manns frá fyrsta ársfjórðungi.

Vestfirðingum fækkaði um 230

Í lok síðasta árs bjuggu 7.120 manns á Vestfirðum. Hafði þeim fækkað um 230 manns frá fyrsta ársfjórðungi. Þetta kemur fram í nýjum tölum frá Hagstofnunni. Flestir áttu heima í Ísafjarðarbæ eða 3.800 en íbúum þar hafði fækkað um 100 manns frá fyrsta ársfjórðungi. Næst mesta fækkunin átti sér stað í Bolungarvík eða um 80 manns en í lok síðasta árs bjuggu þar 890 manns. Í Reykhólahreppi bjuggu 280 manns í lok ársins og hafði þeim fækkað um tíu manns

frá fyrsta ársfjórðungi, í Tálknafjarðarhreppi bjuggu 300 manns og hafði þeim fjölgað um tíu á tímabilinu. Íbúum Vesturbyggðar fækkaði um 40 manns og voru þeir 890 manns í lok árs.

Íbúum Súðavíkurhrepps fækkaði um 20 manns og voru þeir 190 talsins í lok árs. Íbúafjöldi Árneshrepps, Kaldrananeshrepps og Bæjarhrepps stóð í stað á tímabilinu, í Árneshreppi bjuggu 50 manns, 110 manns í Kaldrananeshreppi og 100 manns í Bæjarhreppi. Íbúum Strandabyggðar

fækkað um 10 manns og bjuggu þar 500 manns í lok árs.

Karlar voru í meirihluta Vestfirðinga eða 3.640 á móti 3.495 konum. Erlendir ríkisborgarar voru 615 talsins í loks árs og hafði þeim fækkað um 95 frá fyrsta ársfjórðungi.

Í lok 4. ársfjórðungs 2010 bjuggu 318.500 manns á Íslandi, 160.000 karlar og 158.500 konur. Landsmönnum fjölgaði um 280 á ársfjórðungnum. Erlendir ríkisborgarar voru 21.200 og á höfuðborgarsvæðinu bjuggu 202.400.



Nýr mjólkurbússtjóri tekur til starfa á Ísafirði.

Mannabreytingar hjá MS á Ísafirði

Mannabreytingar standa yfir hjá afurðastöðvum MS í Búðardal og á Ísafirði. Sævar Hjaltason, sem gegnt hefur starfið mjólkurbússtjóra stöðvanna um fjögurra ára skeið, lætur af störfum um næstu mánaðarmót. Lúðvík Hermannsson, sem stýrt hefur ostapökkun MS í Reykjavík, tekur við starfi Sævars en undir hann bætist einnig afurðarstöð MS á Egilsstöðum. Þá er gert ráð fyrir að sú rannsóknavinna sem unnin hefur verið í Búðardal verði framvegis alfarið sinnt frá Reykjavík.

Halldór G. Guðlaugsson, framleiðslustjóri MS á Ísafirði, hefur einnig ákveðið að hætta störfum á Ísafirði. Hann mun þó áfram starfa fyrir MS sem framleiðslustjóri félagsins á Egilsstöðum. Að sögn Einars Sigurðssonar forstjóra MS, mun Lúðvík fyrst um

sinna starfi framleiðslustjóra á Ísafirði auk þess að hafa umsjón með daglegum rekstri afurðastöðvanna þriggja. Markmiðið með breytingunum er að sögn Einars að lækka heildar rekstrarkostnað félagsins. „Þessar breytingar eru einn hluti af endurskipulagningu á framleiðslu félagsins sem hefur það að markmiði að nýta betur framleiðsluþætti og tryggja samnýtingu vinnslustöðva og ná þannig niður kostnaði við vinnslu á hverjum mjólkurlítra,“ segir Einar.

MS rekur nú sex vinnslustöðvar. Í Reykjavík er unnið úr 29 milljónum lítra af mjólk árlega, á Selfossi og Akureyri úr 35 milljónum lítra í hvorri stöð. Í minni vinnslustöðvunum á Egilsstöðum, í Búðardal og á Ísafirði er unnið úr 12 milljónum lítra samtals.

– kte@bb.is

„Flestir fara ekki fyrr en í fulla hnefana“

Fimm fyrirtæki hafa sýnt áhuga á starfsemi á Flateyri. Í Morgunblaðinu segir frá því að Friðbjörn E. Garðarsson, skiptastjóri þrotabús Eyrarodda, sé að fara yfir stöðu fyrirtækisins og ræða við stærstu kröfuhafa um næstu skref. Eyraroddi á óveiddar einhverjar veiðiheimildir. Skiptastjóri hefur haft samband við Jón Magnússon

skipstjóra á Stjána Ebba, bát Eyrarodda og áhöfnin hefur lýst sig reiðubúna til að veiða heimildirnar, þegar gefur á sjó.

„Fólki er brugðið, mörgu hverju, það veit enginn hvað tekur við,“ segir Jón í samtali við Morgunblaðið. Hann segir mikið óvissuástand hafa ríkt í atvinnumálum staðarins frá því Eyraroddi sótti um heimild til greiðslustöðvunar.

Nú sé loksins vitað hvernig það mál endaði og áfram verði að bíða til að sjá hvað taki við. „Ég vona að okkur verði gefið tækifæri til að bjarga okkur. Hér viljum við vera. En það verður þá að vera einhver grundvöllur til þess,“ segir hann.

Að sögn Jóns hefur eitthvað af fyrrverandi starfsfólki Eyrarodda sem sagt var upp störfum í lok

nóvember flutt í burtu. Það er einkum fólk sem ekki átti þar eignir eða fjölskyldu. „Flestir ætla ekki að fara fyrr en í fulla hnefana. Þeir eiga rætur hér og eignir og líður vel,“ segir Jón.

Guðmundur Björgvinsson, formaður Íbúasamtaka Flateyrar, segir að fólk geri sér grein fyrir því að ekki sé auðvelt að koma rekstri aftur af stað. „Hér eru

vinnufúsar hendur sem vilja hjálpa þjóðinni út úr erfiðleikum. Við höfum aldrei verið að biðja um ölmusu, heldur höldum fram rétti okkar til að sækja sjóinn,“ segir Guðmundur. Fimm fyrirtæki hafa sett sig í samband við forsvarsmenn Ísafjarðarbæjar og lýst áhuga á að koma að uppbyggingu útgerðar og fiskvinnslu á staðnum.



5x **1** milljón

NÝTT

MILLJÓNA VELTAN

Drögum
28.
janúar

10 milljóna króna vinningur á einn miða í seinni útdrætti hvers mánaðar sem getur stækkað um **10 milljónir** á mánuði, en gengur að fullu út í árslok.

Í hverri **Milljónaveltu** drögum við að auki út **5 stakar milljónir**, aðeins úr seldum miðum.

EINN MIÐI TVEIR LEIKIR

í mánuði, fyrir aðeins 1.100 krónur

Aðalútdráttur

hefur aldrei verið glæsilegri

Vinningshafar eru um 3.000 í hverjum mánuði.

Drögum
10.
febrúar



Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 66 11 eða hjá næsta umboðsmanni.



Samið í gamni

Þó að samkoman í Holti hafi gengið undir nafninu Brynjólfs-vaka nú í ár hefur sama dagsetning verið í heiðri höfð síðustu ár. Kemur fólk þá saman og minnst Guðmundar Inga Kristjánssonar skálds frá Kirkjubóli í Önundarfirði.

„Þau fundu það út núna, fólkið sem hefur staðið að þeirri samkomu, að slá þessu saman og láta þetta vera nokkurs konar fyrirburð á afmælinu mínu, sem er ekki fyrr en í júlí,“ útskýrir Brynjólfur, sem tekur á móti blaðamanni ásamt eiginkonu sinni, Brynhildi Kristinsdóttur, á heimili þeirra að Vöðlum, sem Brynjólfur byggði sjálfur ásamt bróður sínum fyrir drjúgum sextíu árum.

Nýverið kom út hefti með sönglögum sem Brynjólfur hefur samið, flest öll við ljóð Guðmundar Inga. Hann segist varla muna hvernig hann hafi byrjað að semja.

„Þetta byrjaði bara svona með einu og tveimur lögum í hugsunarleysi, svona að gamni. Svo gátu liðið mánuðir og jafnvel ár þangað til það bættist við. Það fann það einhver út að þetta væru allt að tíu ár sem ég hefði verið að safna þessum tuttugu lögum sem birtast í heftinu. Ég á einhvers staðar eftir örfá sem ég skildi eftir, ég valdi þessi úr til að birta í heftinu,“ útskýrir Brynjólfur.

Í heftinu eru einnig þrjú sönglög við ljóð annarra skálda. „Þessi þrjú síðustu fékk ég þannig út að ég fletti bara Fjálöggunum mínum, þessum frægu. Þau komu út í gamla daga þegar ég var ungur og þar voru aðalsöngvar ungmennafélaganna. Þetta er alveg heilmikið safn og það er búið að spila það svo mikið að það lekur bara úr höndunum á manni, það helst ekki í bók lengur,“ segir hann og brosir. „Ég fór að leika mér að fletta því og vita hvort ég fyndi nokkuð sem væri gaman að fást við. Út úr því fékk ég þessi þrjú síðustu. Ef einhver hefur gaman af því getur hann borið þau saman við gömlu lögin, sem eru í safninu.“

Vel heppnuð samkoma

Aðspurður um hvort hann hafi áður gefið út lög hristir Brynjólfur höfuðið. „Nei, þetta er fyrsta útgáfan, og sú eina. Ég á ekki von á meiru,“ segir hann kankvís. „Ég var reyndar ekkert að spekulera í útgáfu á meðan ég var að þessu, enda hef ég sagt öllum að ég er ekkert að láta prenta þetta í stórum bunka, þetta er nú meira bara til gamans. Ég get þá gefið kunningjunum þau og svona,“ bætir hann við.

Á samkomunni í Holti flutti kirkjukór Önundarfjarðar, undir stjórn Dagnýjar Arnalds, sex lög eftir Brynjólf. „Það tókst alveg ágætlega. Það vantaði reyndar í kórinn, svo það var farið til Þing-

eyrar og Dýrafjarðar að sækja einn og einn í sumar raddirnar. Ég held það hafi verið um tuttugu manns í þessum kór. Ég dáist mest að því hvað frúin er snjöll að kenna þeim þetta á svona stuttum tíma, þetta hefur sennilega verið innan við tíu dagar sem þau höfðu til stefnu. Ég gat ekki heyrt að það klikkaði neitt hjá þeim. Þetta hljómaði mjög vel og allir sem ég talaði við – það hefur nú verið fyrir kurteisissakir, kannski – sögðu að þetta hefði hljómað svo vel,“ segir Brynjólfur af hógværd sinni og brosir.

En hvernig tilfinning skyldi það vera að sem lagahöfundur að heyra tónlistina sína flutta af kór? „Það er feykilega gaman, alveg svakalega gaman,“ segir Brynjólfur. „Mér fannst þetta fara fram úr mínum vonum. Þeir sem hafa eitthvað spekulerað meira í þessu hafa örugglega passað sig að þegja bara,“ segir hann og hlær við. „Það er allt í lagi með það! Ég get ekki krafist þess að þetta sé algott þannig, frá svona manni eins og mér sem ekkert hefur reynt þetta áður. En þetta tókst bara mjög vel, það er óhætt að segja það.“

Þá tróð sömuleiðis upp hljóm-sveit skipuð afkomendum þeirra Brynjólfs og Brynhildar, undir nafninu Vaðlabandið. Sveitin hefur komið fram áður og lék meðal annars á jólahlaðborðum á Núpi fyrir jól. „Allt sem út af okkur kemur virðist vera alveg á kafi í músíkinni,“ segir Brynjólfur.

„Út af honum, ekki mér,“ skýtur Brynhildur inn í og lítur upp frá þrjónunum. „Það er nú ekki alveg rétt hjá henni,“ segir maður hennar brosandí.

Söng villt og brjálað

Þó hér fáist ekki úr því skorið hvaðan tónlistarhæfileikar barna þeirra og barnabarna koma er nokkuð ljóst að Brynjólfur hefur sjálfur mjög gott tóneyra.

„Ég veit að undireins og ég gat staðið á fótunum fór ég að raula lög og syngja og syngja – öllum til leiðinda sko, því þá kunni ég ekki nokkurt lag,“ segir Brynjólfur og brosir út í annað. „En það lagaðist nú fljótt, sérstaklega eftir að útvarpið kom þegar ég var níu ára. Þá runnu lögin alveg inn í kollinn á manni, maður hlustaði svo stíft á það. Þetta var svo nýtt,“ segir hann frá.

„Þá söng ég alveg hreint villt og brjálað. Þegar ég stækkaði, svona eins og lög gera ráð fyrir, þá var ég auðvitað kallaður í kirkjukórinn. Það hefur sennilega verið svona um fermingu eða rétt upp úr henni. Mig minnir að ég hafi strax farið í að syngja bassa. Ég var ánægður með það hvað mér tókst fljótt að læra hvert lag, það virtist vera í lagi þessi bútur í kollinum – ég var með gott eyra svona til að læra,“ segir



Brynjólfur Árnason, bóndi á Vöðlum í Önundarfirði, hefur verið söngelskur frá fyrstu tíð. Hann ferðaðist fjarða á milli með nikkuna hér á árum áður – ýmist á sleða, reiðhjóli, á hestbaki eða í bíl - og gegndi stöðu organista í Holti í hartnær fjörutíu ár. Gestir á Brynjólfsvöku, sem haldin var í Holti 15. janúar síðastliðinn, fengu notið hæfileika hans, því þar voru flutt sönglög Brynjólfs sem hann hefur nýverið gefið út, auk þess sem hann tróð sjálfur upp ásamt syni sínum. Brynjólfur, sem fagnar níutíu ára afmæli sínu í sumar, segir hér frá gaulinu í sjálfum sér, harmónikku sem smyglað var til landsins í kolastíu, orgeli á sleða, flutningunum frá Dýrafirði og himneskum jarðýtum.

Brynjólfur.

Um fermingaraldurinn eignaðist hann sömuleiðis fyrsta hljóðfærið sitt, orgelið sem stendur á sínum stað í stofunni á Vöðlum. „Vegna þess hvað ég var alltaf gaulandi – sem hríðversnaði bara þegar útvarpið kom – fannst móður minni að það væri ómögulegt annað en ég eignaðist hljóðfæri. Svo hún fór á stúfana og fann þetta orgel og keypti það. Það hefur setið hérna síðan, í hvað, sjötíu og fimm ár? Ég skramla á það alltaf við og við,“ segir Brynjólfur. „Þess má líka geta að ég fékk mína einu tilsögn við nótnalestur og spil seinni hluta vetrar hjá sr. Sigtryggi og Hjaltlínu móðursystur minni á Núpi. Ég fór til þeirra einu sinni í viku frá áramótum til vors, þegar org-

elið var nýtt,“ bætir hann við.

Orgel á sleða

Brynjólfur er fæddur á bænum Minni-Garði í Dýrafirði, skammt frá Núpi. Hann ólst upp í Dýrafirði og var búsettur þar þangað til fjölskyldan fluttist að Vöðlum. Hann var fljótlega fenginn til að leika á ýmsum samkundum í firðinum og segir orgel hafa verið fyrsta hljóðfærið sem hann reyndi að spila á fyrir dansi.

„Það var til ágætis orgel í skólanum á Núpi og eitthvað spilaði ég nú á það fyrir balli. Eins man ég eftir því að það var lítið samkomuhús inni á sveitinni sem hafði verið byggt sem barnaskóli og notað, áður en það kom vegur á milli húsanna og meðfram

firðinum. Það var svo aftarlega á merinni, sjáðu,“ segir Brynjólfur og brosir.

„Þetta hús, Lambahlað, var ætlað fyrir innri hlutann af svæðinu. Svo var annað hús á Núpi handa ytri hlutanum. Í Lambahlaði voru oft samkomur á veturina, jólasamkomur sem það var oft reynt að dansa í restina á. Þá var ekkert hljóðfæri á staðnum. Einn karlinn sem bjó þarna á næsta bæ fyrir innan átti pínulítið orgel, sem var mjög létt fyrir tvo menn að bera. Það var ekki með neinum tónskipti, heldur bara röð af nótum. Hann tók sig til og fékk sér sleða þarna um veturinn, setti þetta upp á og dró það inn í hús. Svo þegar samkoman var búin var ég settur þarna við og mannskapurinn fór að dansa,“



Sígaulandi sem barn

segir Brynjólfur frá.

Pöntuðu nikku frá Danmörku

Ekki leið hins vegar á löngu þar til hann eignaðist sína fyrstu harmoníkku, sem hann festi kaup á ásamt bróður sínum, Guðjóni Arnóri. „Við komumst yfir verðlista frá Danmörku, alveg heljarmikla bók á dönsku frá einhverju magasíni sem bauð alls konar vöru – þar á meðal harmóníkkur,“ útskýrir hann.

„Það voru þessar litlu, gömlu, þær fyrstu sem maður sá. Þær voru pínulitlar og það var ekki haldið á þeim með ólum eins og síðar varð, heldur var settur svona hanki hægra megin til að styðja hendinni við. Svo var eins og venjulega band aftan á fyrir vinstri hendina. Maður gat haldið þessu á lofti bara, þetta var svo létt – enda var nú ekki mjög hátt hljóðið í þessu,“ segir Brynjólfur.

„Þessar nikkur höfðu það fram yfir þær sem síðar komu að þegar þú hélst niðri einni nótu, þá fékkstu sinn tóninn í hvert skipti eftir því hvort þú dróst hana sundur eða ýttir saman. Þessu varðstu að muna eftir ef þú ætlaðir að ná lagi. Þetta var svolítil kúnt, en þetta lærðist nú fljótt. Þessi gerð nikkunnar var kölluð díatónísk, út af þessu,“ útskýrir hann.

Þeir bræður pöntuðu sér eitt eintak. „Þetta var skítódyrt allt saman, ég held að þetta hafi nú ekki allt verið fyrsta flokks vörur sem þeir auglýstu þarna, en þetta gekk alveg. Þessi nikka var spiluð upp, alveg upp til agna. Ég vissi nú aldrei hvað varð svo af greyinu. Maður fór aldrei með þetta á ball, maður komst aldrei svo langt,“ bætir hann við.

Smyglnikkan fengin til landsins

Skömmu síðar fékk Brynjólfur stærri og ballvænni harmóníkku

að gjöf. „Það var þannig að ég átti frænda, sem átti heimili hjá pabba og mömmu. Hann var sjómaður. Hann var á síld á sumrin, sem var nú það besta sem karl gat gert til að fá sér aur, og svo var hann á fiskibátum á veturna. Hann kom heim vor og haust og vann þá heilmikið hjá pabba á milli vertíða,“ segir Brynjólfur frá.

„Svo breyttist hjá honum sjó sóknin þannig að hann er kominn á togara fyrir rest. Það var það snemma á tíðinni að þetta var kolaskip, með gufuvél. Svo er eins og þá var, skipin fiskuðu hérna við landið og söfnuðu aflanum og sigldu svo með hann til Bretlands og seldu. Svo tekur drengur sig til einu sinni og kaupir harmóníkku í landi. Þetta mátti ekki gera. Þeir fengu einhvern pening til umráða af kaupinu sínu, en þeir máttu ekki kaupa hluti og flytja þá inn til landsins. Það voru einhverjar reglur um það,“ segir Brynjólfur.

„Þeir gerðu samt mikið af þessu og til að þetta kæmist ekki upp fóru þeir með hlutina niður í kola-stíu og grófu þá þar í kolunum! Þeir höfðu samvinnu um það sko, hinir pössuðu að fara ekki með skófluna í hornið þar sem eitt-hvað var falið. Þannig kom nikk-an til Íslands,“ segir Brynjólfur brosandi.

Sú harmónikka var í fullri stærð og öllu hljóðmeiri. „Þetta var alveg stórfínt apparat. Hún var með nótum, í staðinn fyrir hnappana sem voru á þessum litlu. Þær voru líka fljótar að breiðast út, þessar nikkur. Þegar þessi nikka kom byrjaði það geim að spila og spila á böllunum Ég fór hérna um firðina, út á Ingjaldssand og til Þingeyrar. Ég komst nú aldrei á Ísafjörð með hana, það voru nógir þar til að spila,“ segir Brynjólfur.

Fluttust á milli fjarða

Þegar Brynjólfur var tuttugu

og fimm ára gamall fluttist hann ásamt bróður sínum og foreldrum frá Dýrafirði og að Vöðlum í Önundarfirði. Fjölskyldan hafði þá búið á Kotnúpi, hjáleigu frá Núpi, í yfir tuttugu ár.

„Á þessum tíma var ég búinn að fara á skólann á Hvanneyri í tvo vetur. Það var komið svoleiðis fyrir okkur að við vorum að spá í að fá kotið keypt. Ég lagði þetta mál fyrir eigandann, en hann sagðist ekki geta selt það því synir hans vilji fá það til afnota. Mér fannst þetta nú pínulítið erfitt fyrst, en seinna sá ég ekki eftir því að hann sagði nei. Þegar ég var búinn að vera hérna í einhvern tíma var ég orðinn þakklátur að svona hefði farið,“ segir Brynjólfur.

Þeir bræður fóru því að líta í kringum sig eftir öðrum lausnum. „Einhvern veginn komst ég að því að þessi bær hérna var í eyði. Við höfðum líka verið saman á Hvanneyri, ég og strákur hérna frá Hjarðardal, næsta bæ, svo ég

hafði hann fyrir upplýsingamann. Hann gat sagt mér allt um þetta og nágreannið,“ útskýrir hann.

Þeim bræðrum leyst svo vel á jörðina að þeir höfðu samband við eigandann, gamla ekkju, til að kanna hvort hún væri föl. „Þetta reyndist vera það, svo við keyptum jörðina fyrir 18.000 krónur,“ segir Brynjólfur og hlær við.

Við tóku miklar viðgerðir og úrbætur, enda hús orðin úr sér gengin að miklu leyti. Vaðlar höfðu verið tvíbýli og stóðu á jörðinni tveir gamlir torfbærir. Fjölskyldan fluttist inn í þann þeirra sem var í skárri ásíðkomu-lagi og bjó þar tvo vetur, á meðan bræðurnir byggðu íbúðarhúsið sem er heimili Brynjólfs enn þann dag í dag.

„Fyrsta sumarið okkar grófum við fyrir grunninn. Þá var nú ekkert til nema skóflan og hjakkan. Ekkert tæki sem gekk fyrir vél, það þekktist ekki þá. Það var ekkert til nema hendurnar að gera þetta með, sem var heilmikil vinna,“ segir Brynjólfur. „Við áttum líka ágæta meri og hestakerru. Kassinn á henni var þannig að það var hægt að hella úr henni eins og var á elstu vörubílum. Við fórum með kerruna og settum grjót í skurðina, svo þeir voru svo til hálfir af grjóti. Svo var borin yfir það gróf mól. Þetta var gert til að spara steypu – þá var allt miðað við að spara og helst að kaupa ekki neitt,“ segir hann og hlær við.

Himneskar vinnuvélar

Næsta sumar héldu bræðurnir áfram að byggja og gera húsið íbúðarhæft, en þjuggu í torfbænum. „Ég fann nú ekkert fyrir því að sofa þar eða búa þar. Þar var heljarmikil kabyssa í eldhúsinu, kolakynt eins og allt var þá. Hún var dugleg að éta kolin, en hún

gaf líka mikinn hita ef það var haldið góðum loga í henni. Það var líka vatnsleiðsla þarna inni, svo þetta var ekkert til mikilla vandræða,“ segir Brynjólfur.

Eftir að hafa flust inn í þann helming íbúðarhússins sem hæfur var til íbúðar héldu þeir áfram að betrumbæta önnur hús. „Þegar við komum hingað hafði verið steipt fjóshlaða úr svo lélegri steypu að það var hálfhættulegt að ganga fram hjá henni, einhvern tíma hryndi hún bara. Þegar við gerðum nýja hlöðu var hins vegar komin ýta, sem gat tekið megnið af þessu svo við þurfum ekki að vinna með handverkfærunum nema dálítið í restina. Það var svakalegur munur,“ segir Brynjólfur og andvarpar við minninguna.

„Þetta var byrjunin á því að það komu vinnutæki eins og jarðýtturnar. Það var á þessum tíma – og þetta var eins og það hefði eitthvað dottið heilagt af himnunum, mönnum fannst svo mikið til koma. Jarðýtan – hún gat allt,“ segir Brynjólfur glettinn.

Hann hefur, eins og aðrir bændur á hans aldri, séð stétt sína taka gríðarlegum breytingum og vinnuna algjörum stakka-skiptum. „Almáttugur, á aðferðunum öllum og afköstum! Maður lifandi, þetta var nú bara nýr heimur, alveg. Það þróaðist svo áfram, það voru alltaf keyptar stærri og stærri vélar sem gerðu meira á styttri tíma,“ segir Brynjólfur.

Brynhildur kona hans fylgdist með endurbótunum á Vöðlum í nokkur ár áður en þau Brynjólfur tóku svo saman og hún fluttist til hans. „Ég leyfði þeim að standa í þessu í tíu ár, að koma öllu í lag áður en ég kom. Þá var þetta orðið svona nokkurn veginn íbúðarhæft,“ segir hún og þau hlæja bæði.

„Hún átti heima herna á næsta bæ, ef segja má. Svo það var stutt hjá mér að fara,“ segir Brynjólfur brosandi.

Organisti í fimm kirkjum

Samhliða framkvæmdum á Vöðlum sinnti Brynjólfur stöðu organista í Holti, og reyndar víðar. „Jú, jú, ég lenti í því,“ segir Brynjólfur kankvís. „Ég fer náttúrulega beint í kirkjukórinn herna þegar ég kem, það var ekkert að tala um annað. Þá var ein konan herna í sveitinni sem lék undir í Holtskirkju. Það var heldur vakning í þessu og það fjölgaði í kórnum dálítið, um þetta leyti þegar ég kem þarna inn,“ segir hann frá.

Nefnd kona, Rebekka, kom norðan úr landi og var eiginkona Halldórs Kristjánssonar á Kirkjubóli, bróður Guðmundar Inga. „Halldór var landsfrægur fyrir mikil störf í bindindismálum. Hann var að flytja fyrirlestra þarna fyrir norðan, sá þessa dömu og kom með hana hingað heim og giftist henni. Hann kom með eina kú og eitt orgel með henni líka. Það þótti nú góð frétt þegar það fréttist að hann hefði líka komið með orgel,“ rifjar Brynjólfur upp og hlær við.

„Hún var þá undireins sett við kirkjuorgelið, því það höfðu verið einhver vandræði að fá einhvern við það. Ég kem svo strax inn í sönginn og þegar það er búið að ganga í einhver örfá ár þá spilast þetta þannig að þau fara að tala um það að það vanti eiginlega fleiri söngkonur í milli-röddina í kórnum. Rebekka stingur upp á því að við skiptum – ég settist við orgelið en hún fari í milliröddina. Það verður úr að þetta var ekki mikið rætt, við bara skiptum um stól. Og þar sat ég



svakalega lengi – ég held þetta hafi verið undir fjörutíu ár,“ segir Brynjólfur frá.

Það bættist hins vegar fljótlega í stólasafnið hjá honum, ef svo má að orði komast, þegar organista fór að vanta á fleiri stöðum. „Það urðu einhver vandræði allt í kring, það vantaði organista á Núpi, Ingjaldssandi, Flateyri og Suðureyri, svo ég fór á alla þessa staði. En það var nú bót í máli að á sumum þessara staða var ekki messað nema einu sinni á ári, ef ekki komu til jarðarfarir eða annað slíkt. Það bjargaði því eiginlega að ég gæti sinnt þessu,“ segir hann.

Reiddi nikkuna á Ingjaldssand

Auk þess að gera víðreist sem organisti ferðaðist Brynjólfur sömuleiðis á milli ballstaða með nikkuna. Þó að fljótlega hafi verið komnir vegir og flestallt fært á bíl man hann þó eftir nokkrum ferðum í skrautlegri kantinum.

„Ég man eftir því að ég fór eina ferð út á Sand, þá var ball þar að vori. Ég var búinn að eignast þessa fínu, stóru nikkuna, setti hana í kassann og fór á bak á skjótttri meri sem ég átti og reiddi nikkuna fyrir framan mig. Ég passaði kassann með annarri hendi og stýrði merinni með hinn. Eina ferð fór ég þannig,“ segir hann frá.

„Annarri ferð með nikkuna man ég líka eftir, þegar ég ætlaði á ball í Lambahlaði, samkomuhúsinu. Þá var vegurinn ekki kominn og ég ætlaði að reyna að komast í samband við Núpverja, sem áttu jeppa og gátu krönglast á honum inn eftir. Svo ég fer af stað að heiman. Ég átti gamalt og lasið reiðhjól sem ég batt nikkuna á og teymdi það svo inn að Núpi. En þá voru þeir farnir. Svo það var ekkert annað að gera en að labba bara inneftir og teyma hjólið,“ rifjar hann upp.

„Eftir að bílarnir komu fór ég nú oft á milli herna með hana. Oft á Flateyri, á böllin þeirra, þó nokkuð á Þingeyri og út á Ingj-

aldssand og svo auðvitað herna heima í sveitinni. Einu sinni fór ég líka með hana á sleða frá Dýrafirði og yfir í Hjarðardal herna í Öndurafirði. Hún hefur ýmislegt séð þessi nikka og staðið sig vel – enda er hún ansi lúin orðin. Það er hægt að spila lag á hana, en það verður skrítið,“ segir hann og brosir við.

Rétti keflið áfram

Nokkuð er um liðið síðan Brynjólfur lék síðast fyrir dansi, enda kveðst hann sjálfur hafa verið orðinn allt of „gamaldags“. „Ég var bara með gömlu lögin, en krakkarnir voru orðnir svo ungir og hlustuðu á útvarpið og fengu þar allt öðruvísi músík. Það var hins vegar verið að reyna að nota mig eitthvað á Þorablótum, því þar var fullorðna fólk,“ segir hann. „Þetta reynir líka talsvert á skrokkin, að spila svona lengi. Maður getur verið helvíti lúinn að morgni,“ bætir hann við.

Harmónikkuleikur er þó ekki hættur að heyrast á Vöðlum. „Hann Árni minn hefur tekið við af mér í því líka, eins og búskapnum. Þegar hann kom hingað heim aftur hætti ég að spila á nikkuna. Hann keypti sér þá nikkuna og tók við af mér,“ segir Brynjólfur. Þeir feðgar léku sömuleiðis saman nokkur lög á Brynjólfsvökunni góðu.

Tónlistararfleifiðin lifir þannig ennþá góðu lífi, en Brynjólfur segir báða foreldra sína hafa getað sungið vel. „Mamma átti mjög gott með að syngja og pabbi líka. Áður en útvarpið kom las pabbi líka alltaf húslestur á kvöldin og á hverjum vetri sungum við Passíusálmana. Það var síður á mörgum, ef ekki öllum, heimilum,“ segir Brynjólfur.

„Addi bróðir spilaði líka á nikkuna og á sumum böllum spiluðum við svona á víxl, skiptumst á – ég hafði nefnilega líka gaman af því að dansa, sem hann hafði reyndar ekki,“ segir hann og hlær við.

Og á þeim orðum lýkur heim-sókn blaðamanns til tónelska bóndans á Vöðlum að þessu sinni. – *Sunna Dís Másdóttir.*

Ræstingar hjá Íslandsbanka



Útibúi Íslandsbanka á Ísafirði óskar eftir að ráða starfsmann til að sjá um ræstingar. Um er að ræða dagleg þríf í útibúi og þjónustuveri bankans á Ísafirði frá kl. 17.00 alla virka daga.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Guðný Erla Guðnadóttir, viðskiptastjóri.

Hægt er að sækja um starfið með því að koma með umsóknir í útibúið eða senda tölvupóst á gudny.gudnadottir@islandsbanki.is.

Umsóknarfrestur er til og með 10. febrúar 2011.



Opið hús og hóf í tilefni sjötugsafmælis

Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf. á afmæli og fagnar að sjálfsgöðu áfanganum eins og afmælisbörn á besta aldri gjarnan gera! Eigendur og starfsmenn fyrirtækisins minnst þess að 19. janúar 2011 voru 70 ár liðin frá formlegum stofnfundi Hraðfrystihússins hf. í Hnífsdal, vísi þess öfluga fyrirtækis sem starfar nú á gömlum merg og er ein af kjölfestum byggðar og samfélags á Vestfjörðum.

Við bjóðum Vestfirðingum að gleðjast með okkur í tilefni tímamótanna!

- » **Edinborgarhúsið á Ísafirði**, föstudaginn 28. janúar, kl. 17:00-19:00: afmælishóf fyrir starfsfólk HG, viðskiptavini félagsins og aðra velunnara.
- » **Hraðfrystihúsið-Gunnvör við Hnífsdalsbryggju**, laugardaginn 29. janúar, kl. 12:00-15:00: opið hús! Allir hjartanlega velkomnir í heimsókn til að kynna sér starfsemina eða einfaldlega til að sýna sig og sjá aðra!

Starfsfólk Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf.




Vissir þú að Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf.

- » sér 200 manns fyrir vinnu árið um kring og greiðir árlega um 1.300 milljónir króna í laun?
- » stundar umsvifamikið þorskeldi í Álfafirði og Seyðisfirði og rekur seiðaeldisstöð á Nauteyri í nafni Háafells ehf.?
- » rekur niðursuðuverksmiðju fyrir þorsklifur í Súðavík?
- » er stór hluthafi í Klofningi ehf. á Suðureyri, sem er með fimm starfsstöðvar á Vestfjörðum og sérhæfir sig í vinnslu aukaafurða úr sjávarfangi (þurrkun, herslu og frystingu loðdýrafóðurs)?
- » er meðeigandi í Iccod á Íslandi ehf., þróunar- og rannsóknafyrirtæki á sviði kynbóta þorsks og seiðaframleiðslu?
- » hefur um árábil verið traustur bakhjarl í félagslífinu á starfssvæði sínu, fyrst og fremst með því að styrkja íþrótt- og menningarstarfsemi af ýmsu tagi?
- » er eldra en sjálft lýðveldið Ísland og hefur á starfstíma sínum verið samtíða fimm forsetum og átján forsætisráðherrum?



Lítill saga um mikið traust

HG hefur um árábil framleitt sjófryst þorsflök fyrir skyndibitakeðjuna Fish'n'Chick'n, sem rekur á fjórða tug veitingastaða á Bretlandseyjum. Það segir sína sögu að eigendur fyrirtækisins ákváðu í vetur að setja myndir af áhöfn Júlíusar Geirmundssonar ÍS-270 á vegg nýjasta veitingastaðar síns. Þannig beina þeir athygli gesta sinna að uppruna þess fína fisks sem á borð er borinn og birta í verki viðhorf sín til gæða íslenska hráefnisins, veiða, vinnslu, afhendingaröryggis og til trausta samskipta við HG yfirleitt.



Ævintýralegt og skemmtilegt blót

Um 200 manns sátu þorrablótíð í Bolungarvík sem haldið var í 66. sinn á laugardag. „Blótíð heppnaðist mjög vel þótt allt hefði reyndar farið úrskeiðis sem gat það en allt gekk upp á endanum með góðra manna hjálp og allt er gott sem endar vel,“ segir Þóra Hansdóttir, formaður þorrablótisnefndar. Meðal þess sem fór úrskeiðis var að tveir tónlistarmannanna sem áttu að spila lentu á sjúkrahúsi auk leikstjórans en þó vegna óskyldra orsaka. Þá fór blótíð fram í fyrsta sinn í ný endurbættu félagsheimili Bolvíkinga blótíð hafði áður verið haldið þar frá árinu 1953. „Það er þetta séríslenska fyrirbæri að gera hlutina áður en þeir eru tilbúnir,“ segir Þóra og hlær en upp komu rafmagnsbílanir á blót-

inu og þurfti að kalla út tvo rafvirkja.

„Það var reyndar í viðbygg- ingunni þannig að við gátum farið að keyra á skemmtiatriðin á réttum tíma.“ Þóra segir blótíð hafa þrátt fyrir ýmsar uppá- komur hafa verið mjög skemmti- legt. „Þegar allir leggjast á eitt að láta hlutina ganga upp þá gera þeir það og ég veit ekki betur en að fólk hafi skemmt sér mjög vel.“

Efnt er til blóts í Bolungarvík á fyrsta laugardegi í þorra ár hvert og bjóða þá bolvískar konur bónda sínum til slíkrar skemmtunar. Þorrablótíð er ætlað hjónum, sambýlisfólki, ekkjum og ekkjum í Bolungar- vík. Öllu var tjaldað til að gera kvöldið sem veglegast og stígu skemmtinefndarkonur á stókk

í hinum og þessum hlutverkum. „Tekið var mið af því sem verið hefur í deigluinni, t.d. tókum við fyrir ástandið á heilsugæslunni okkar og hún kölluð heilsu- bælið. Þessi mál brenna á okkur og tekið var á þeim á léttum nótum,“ segir Þóra.

Blótsgestir mæta í sínu fin- asta þússi, konur í upphlut eða peysufötum og karlmenn í há- tíðarbúningi eða dökkum jakka- fötum með hálstau, en líklegt er að vandfundinn sé sá staður á Íslandi þar sem er jafn hátt hlutfall íbúa sem eiga þjóðbú- ning en í Bolungarvík.

Blótsgestir snæddu hefð- bundinn þorramatur, sem bor- inn var fram í trogum líkt og forðum. Meðfylgjandi myndir voru teknar á þorrablótinu.

– thelma@bb.is





Glíma Vestfirðingar við ímyndarvanda?

Vífill Karlsson, hagfræðingur, segir Vestfirðinga hugsanlega glíma við ímyndarvanda eftir allt sem á undan hefur gengið. Fjarlægðin sé töluvert mikil og til-
tölulega fáir Íslendingar fari um Vestfirði ár hvert. Þar af leiðandi byggji fólk ímyndina á orðrómi og þeim upplýsingum sem fást í fjölmiðlum. Frá þessu er sagt á

vef Ríkisútvarpsins.

Samkvæmt opinberum tölum er atvinnuleysi á Vestfjörðum minnst á landinu. Engu að síður fækkar fólki mest í þessum landsfjórðungi. Nýjustu tölur sína að tæplega 150 manns eru án atvinnu á Vestfjörðum. En fólki fækkar sífellt. Þeir sem flytja í burtu hafa stundum misst vinn-

una, eða fara burtu til náms og koma ekki aftur.

Þorsteinn Bragi Jónínuson flutti frá Súðavík fyrir þrettán árum. Í samtali við RÚV segist hann alveg myndu vilja fá góða stöðu á Vestfjörðum með sæm-
leg laun. Þá þyrfti konan hans að fá eitthvað að gera líka. Þá væri hann til í að flytja aftur til vestur.



Hraðfrystihúsið Gunnvör í Hnífsdal.

HG fagnar sjötugsafmæli

„Við ætlum að halda myndarlega upp á afmælið á morgun og á laugardag með starfsfólkinu, viðskiptavinum og velunnurum okkar í byggðarlaginu,“ segir Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri Hraðfrystihússins Gunnvarar, í tilefni sjötugsafmælis fyrirtækisins sem var á miðvikudag í síðustu viku. Það var einmitt 19. janúar 1941 sem Hraðfrystihúsið hf. var formlega stofnað á skrifstofu Kaupfélags Hnífsdælinga. Sautján manns voru þar saman komnir til að samþykkja nýja félaginu lög og kusu fyrstu stjórn þess; Pál Pálsson formann og Elías Ingimars-
son og Hjört Guðmundsson með-
stjórnendur. Þar var lagður grunn-

urinn að því öfluga fyrirtæki sem HG síðar varð.

Einar Valur segir að vissulega fari margt í gegnum hugann á þessum tímamótum. „Uppbygging og rekstur fyrirtækisins hefur ekki gengið átakalaust og verið barningur á köflum. Þess vegna verður manni auðvitað hugsað til frumkvöðlanna að stofnun þessa félags á styrjaldarárunum, fyrir stofnun lýðveldis á Íslandi. Sjötíu ár eru í sjálfu sér ekki langur tími en það er samt ekki sjálfgefið að fyrirtæki lifi svo lengi. Tilfinningar eru líka blendnar nú þegar horft er til þess hve mikil óvissa ríkir um framtíð sjávarútvegsfyrirtækja og sjávarútvegsins yfirleitt sem atvinnu-

greinar. Það er stærsta ógnin sem steðjar að okkur sem störfum í greininni. Við báðum ekki um kvótakerfið á sínum tíma en því fyrirkomulagi var komið á og það er staðreynd. Þeir sem með landsstjórnarmálin fara boða nú í síbylju að leysa beri upp fiskveiðistjórnarkerfið með tilheyrandi afleiðingum fyrir sjávarútvegsfyrirtækin og samfélagið allt. Slíkt skapar óvissu sem í sjálfu sér er orðin efnahagsvandamál og það af mannavöldum. Vissulega er gaman í afmælisveislum en óneitanlega er óvissuástandið í rekstrarumhverfinu skarð í gleðina,“ sagði Einar Valur Kristjánsson.

– thelma@bb.is

Breytingar á innheimtu

Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar hefur lagt til að lágmarksupphæð fasteignagjalda sem er rukkuð er verði 400 krónur. Þá verði gjöld undir þeirri upphæð ekki rukkuð þar sem það svari ekki kostnaði. Þetta kemur fram í tillögum Daníels Jakobssonar bæjarstjóra sem ætlað er að einfalda innheimtu fasteignagjalda. Þá leggur hann jafnframt til að lágmarksupphæð sem fer á einn gjalddaga verði

25.000 krónur. Hærri upphæðir dreifist á sjö gjalddaga frá 1. febrúar til 1. ágúst. Þá er lagt til að hámarksafsláttur elli- og örorkulífeyrisþega verði óbreyttur frá því í fyrra eða 84.500 krónur.

Kærfrestur álagningar verði 21. febrúar. Veittur verði 5% staðgreiðsluafsláttur ef greitt er fyrir 21. febrúar. Einnig leggur hann til að hámarksstyrkur til áhugasamtaka verði óbreyttur

eða 120.000 krónur. Í tillögum hans kemur fram að beðið er eftir áliti bæjarlögmanns hvort sleppa eigi allri álagningu á fyrirtæki vegna sorpgjalda.

Bæjarráð fór yfir tillögurnar og leggur til að samþykktar verði reglur um afslætti og niðurfellingu fasteignagjalda til elli- og örorkulífeyrisþega, styrki vegna félags, menningar- og eða íþróttastarfssemi og til eigenda hesthúsa.



Eyraroddi gjaldþrota

Értu skráður sem nemi en ert orðinn forstjóri?

Árlega fletta Íslendingar 100 milljón sinnum upp á Já.is og Símaskráin kemur út í 150 þúsund eintökum.

Ef þú vilt breyta skráningu þinni hafðu þá samband við þjónustufulltrúa okkar í síma 522 3200, farðu inn á Já.is eða sendu tölvupóst á ja@ja.is.

Skráningum í Símaskrána lýkur 31. janúar.



-er svarið

Héraðsdómur Vestfjarða hefur úrskurðað Eyrarodda hf. gjaldþrota eftir að stjórn fyrirtækisins og umsjónarmaður nauðasamninga félagsins lögð fram beiðni þess efnis fyrir dómara í síðustu viku. Undanfarið hefur stjórn Eyrarodda unnið að fjárhagslegri endurskipulagninu félagsins í samvinnu við kröfuhafa þess. Niðurstaða þeirra viðræðna var sú að nauðasamningur fyrir félagið var samþykktur en ekki tókst að útvega nægt fjármagn til að halda áfram rekstri og mæta áföllnum skuldbindingum. Því var óumflýjanlegt að óska eftir skiptum.

Í upphafi lá fyrir að rekstur fiskvinnslu án kvóta yrði mjög erfiður. Þrátt fyrir það reyndu forsvarsmenn félagsins að koma af stað rekstri á Flateyri en því miður tókst ekki að afla nægs hráefnis til þess að fiskvinnslan stæði undir sér. Sá byggðakvóti sem hafði verið ætlaður Flateyri á árunum 2007 til 2010 var lítill. Jafnframt fór svo að mikill dráttur varð á úthlutun hans, til dæmis drógst um nærri tvö ár að úthluta byggðakvóta Flateyrar vegna fiskveiðiársins 2008/2009.

„Eftir að tilkynnt var um 300 tonna byggðakvóta til Flateyrar í nóvember síðastliðnum, reyndu forsvarsmenn félagsins, samhliða fjárhagslegri endurskipulagningu, að skjóta styrkari stoðum undir rekstur félagsins með því að tengja saman útgerð með kvóta og fiskvinnsluna á Flateyri. Það tókst því miður ekki. Einnig lá fyrir að 300 tonna byggðakvótanum yrði ekki úthlutað fyrir en í lok febrúar og ekki var handbært nægjanlegt fjármagn til að halda áfram rekstri fram að þeirri úthlutun, þrátt fyrir að nauðasamningur hefði gengið eftir á grundvelli þeirra rekstrarforsenda sem kynntar höfðu verið.

Til viðbótar þeim sérstaka vanda sem að fyrirtækinu á Flateyri stöðjaði, bættist við að erfitt var að efna til samstarfs við önnur fyrirtæki í sjávarútvegi vegna þeirrar óvissu sem uppi er um rekstrarumhverfi greinarinnar. Það eru stjórn Eyrarodda mikil vonbrigði að ekki hafi tekist að tryggja áframhaldandi rekstur á Flateyri,“ segir í tilkynningu frá fyrirtækinu.

– bb@bb.is

Hefði þurft minnst 15-20 milljónir króna

Eyraroddi á Flateyri hefði þurft að lágmarki 15-20 milljónir til að koma fyrirbyggjandi aðgerðar-áætlun og rekstri af stað. Þetta er haft eftir Teiti Birni Einarssyni, stjórnarformanni Eyrarodda í Morgunblaðinu. Eins og fram hefur komið samþykkti Héraðsdómur Vestfjarða beiðni stjórnenda fiskvinnslunnar Eyrarodda á Flateyri um gjaldþrot.

Í tilkynningu frá Eyrarodda kom fram að eftir að tilkynnt var um 300 tonna byggðakvóta til Flateyrar í nóvember síðastliðnum,

reyndu forsvarsmenn félagsins að skjóta styrkari stoðum undir rekstur félagsins með því að tengja saman útgerð með kvóta og fiskvinnsluna á Flateyri en það án árangurs.

Fyrir lá að 300 tonna byggðakvótanum yrði ekki úthlutað fyrir en í lok febrúar og ekki var handbært nægjanlegt fjármagn til að halda áfram rekstri fram að þeirri úthlutun, þrátt fyrir að nauðasamningur hefði gengið eftir á grundvelli þeirra rekstrarforsenda sem kynntar höfðu verið.

„Málin þurfa að skýrast fljótt“

„Flateyringar eru yfirleitt með langlundargeð en þessar fregnir ofan á fleiri uppsagnir og boðaðar lokanir eins og á elliheimilinu eru ekki til þess að bæta líðanina. Þetta er orðið ansi lýjandi,“ segir Guðmundur Björgvinsson, formaður Íbúasamtaka Önundarfjarðar aðspurður um andann á Flateyri í kjölfar fréttu um lokun fiskvinnslu Eyrarodda. Hann segist ekki efast um að mörgum líði illa í þessu ástandi sem

nú ríkir á staðnum. Guðmundur segir það hafa verið áfall að heyra af gjaldþroti fiskvinnslunnar en bjartsýnin hafi farið þverrandi því lengur sem leið um að hægt yrði að tryggja áframhaldandi rekstur Eyrarodda. Fréttirnar hafi því ekki komið alveg á óvart.

Bæjarráð boðaði til skyndifundar með íbúasamtökunum skömmu eftir tíðindin og segir Guðmundur að bæjarráðsmenn hafi verið allir af vilja gerðir að finna lausn á vandanum. „Hér er

þessi góða vinnsluáðstaða og við erum með þennan 300 tonna byggðakvóta svo vonandi opnar þetta ný tækifæri fyrir aðra vinnsluáðila. En tíminn er knappur og þetta þarf að skýrast fljótt svo menn nái að nýta sér þessi tækifæri. Það var ekki annað að heyra hjá bæjarráðsmönnum að þetta væri forgangsverkefni sem farið yrði í með stjórnvöldum. Það eru næstu skrefin.“

Guðmundur segir að rætt hafi verið á fundi með bæjarráðs-

mönnum að reynt verði að koma á fót endurmenntunarnámskeiðum hjá Vinnumálastofnun og leitað annarra millibilslausna svo fólk hafi eitthvað við að vera á meðan unnið er að því að vinna bót á vandanum. „Auðvitað er maður uggandi fyrir allt samfélagið á norðanverðum Vestfjörðum við svona fréttir þar sem við megum ekki við því að missa í burtu fleira fólk.“

Hann segir að það komi í ljós á næstunni hvað verður. „Þetta snýst

allt um þennan frumrétt að fá að sækja fisk í sjóinn. Við erum með þetta öfluga hús til að vinna hann og nú kemur í ljós hvernig fjármálastofanir bregðast við en þær virðast vera tilbúnar að afskrifa ansi mikið fyrir suma og aðra ekki. Það hefur vitaskuld áhrif á samkeppnisstöðu fyrirtækja hvernig slíkum málum er hátt að. Nú erum við komin upp á náð og miskunn þeirra og stjórnvalda.“ – *thelma@bb.is*



Sigurður segir að gjaldþrotið sé mikið áfall fyrir þorpsbúa.

„Svartsýni meðal íbúa“

„Mér líst ekkert á blikuna. Það er engin framtíð án þeirra, alls ekki,“ segir Sigurður H. Garðarsson, útgerðarmaður á Flateyri, um gjaldprot Eyrarodda í samtali við DV. Sigurður, sem sjálfur gerir út tíu tonna bát og er með harðfiskverkun á Flateyri, segir að gjaldþrotið sé mikið áfall fyrir þorpsbúa.

„Það verður erfitt fyrir aðra að lifa í þessari grein án þess að hafa þá,“ segir Sigurður sem hefur nýtt sér þjónustu Eyrarodda. Hann bætir við að svartsýnin sé mikil en bendir þó á að sögur séu á kreiki í bænum þess efnis að mikill áhugi sé á 300 tonna byggðakvóta Flateyrar. Eru bundnar vonir við að einhverjir byrji þar atvinnurekstur frá grunni.

Aðspurður hvort viðbúið sé að fólksflótti fylgi gjaldþrotinu segist Sigurður ekki búast við því. „Nei, í rauninni ekki. Við eigum ekki von á því. Við höngum í vonina um að einhverjir hafi áhuga á þessu. Það gefur okkur byr undir báða vængi. En maður veit svo sem ekki mikið á þessari stundu.“ Frá þessu var sagt á DV-vefnum.

– *thelma@bb.is*



Deilt er um hvort byggðakvótinn eigi að nýtast bátum sem landa eldisþorski.

Deilt um byggðakvótann

Nokkrir útgerðarmenn og fiskverkendur í Ísafjarðarbæ hafa gert athugasemdir við úthlutun byggðakvóta síðasta árs. Undanfarin ár hefur úthlutun byggðakvótans tafist mikið vegna kærumála. Þannig var byggðakvótanum fyrir fiskveiðiárið 2008/2009 ekki úthlutað fyrr en í maí á síðasta ári. Hluti kvótans fyrir fiskveiðiárið 2009/2010 var úthlutað í september 2010 en vegna kærumála á enn eftir að ljúka úthlutun á um 55 tonnum. Tafirnar hafa reynst sumum fiskverkendum mjög þungbærar. Daníel Jakobsson bæjarstjóri segist ekki hafa neinar upplýsingar um að kærumál séu í farvatninu á yfirstandandi fiskveiðiári.

„Venjulega koma kærumálin ekki upp fyrr en Fiskistofa hefur úthlutað til ákveðinna báta en nú hefur byggðakvótanum aðeins verið úthlutað til byggðarlaganna. Fiskistofa úthlutar svo kvótanum til báta í febrúar og þá er hætt við að kærur komi upp. Við vonum hins vegar að svo verði ekki og að kvótinn geti strax nýst fiskvinnslum og útgerðum til atvinnuuppbyggingar,“ segir Daníel.

Þær athugasemdir sem bæjarráði hafa borist vegna fiskveiðiársins 2009/2010 snúa m.a. að kærnum sem sjávarútvegsráðuneytið hefur nú til umfjöllunar. Ísfirðingarnir Aðalsteinn Ó. Ásgeirsson

og Konráð Eggertsson sendu bæjarstjóra erindi þar sem fjallað er um rétt þeirra báta til byggðakvóta sem fiska í kvíar í Álftafirði, en þeim aflu er að mestu landað í Súðavík en unninn á Ísafirði og í Hnífsdal. Í erindinu er þess farið á leit við Ísafjarðarbæ að sveitarfélagið beiti sér fyrir því við ráðuneytið, að þeir bátar sem eiga heimahöfn á Ísafirði og landa í kvíar HG, eigi sama rétt til byggðakvóta sveitarfélagsins og bátar sem landa í kvíar í Skutulsfirði.

Bæjaryfirvöldum í Ísafjarðarbæ hefur einnig borist erindi frá Gunnlaugi Finnbogasyni, fyrir hönd fiskverkunar Finnboga, þar sem sveitarfélagið er hvatt til að beita sér fyrir því að upphafleg úthlutun byggðakvótans frá 14. júní sl. verði látin standa. Gunnlaugur segir vinnsluna vinna um 130-140 tonn af bolfiski árlega og hraefnið komi að megin uppstöðu af bátum frá Ísafirði. Hann sé með einu bolfisksvinnsluna á Ísafirði og því ætti að gefa umræddum bátum kost á því að uppfylla skilyrði um landaðan afla til 30. júní. Eins og staðan sé í dag sé nánast öllum aflanum úthlutað á skip sem landa engu til vinnslu á Ísafirði, heldur eingöngu í kvíar. Sérstökum eldiskvóta sé úthlutað til eldisveiða og því óeðlilegt að byggðakvótinn sé nýttur í þeim veiðum. – *kte@bb.is*



Blómlegt barnaár

Fyrri hluti ársins 2011 lofar góðu hvað varðar fæðingar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði. „Það er töluvert af fæðingum fyrripart árs og fram á sumar, eða eins langt fram á árið og við sjáum. En þetta breytist dag frá degi og maður veit aldrei um fjöldann fyrr en árið er úti. Það gæti verið hressilegur fyrripartur árs og svo rólegur seinnipartur, þó oftast nær er þetta nokkuð jafnt yfir árið,“ segir Brynja Pála Helgadóttir ljósmóðir.

Aðspurð segir hún að ljósmæður á FSÍ séu jákvæðar og bjartsýnar á árið. Alls komu 55 börn í heiminn á fæðingardeild FSÍ á síðasta ári. Er það svipaður fjöldi fæðinga og á síðasta ári þegar börnin voru 54 en nokkuð færri en árið 2008 þegar fæðingarnar voru 73 talsins, en þá var um metár að ræða.

smáar

Útprjónaðir vettlingar í brúnum litum töpuðust í miðbæ Ísafjarðar. Finnandi vinsamlegast hafi samband við Birnu í síma 896 3367.



Klæðning húsnæðisins við Hnífsdalsveg er farin að láta á sjá og segir eigandinn skemmdirnar vera tilkomnar vegna snjómoksturs.

Vegagerðin neitar að gangast við skemmdum vegna snjómoksturs

Töluverðar skemmdir hafa orðið á klæðningu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis við Hnífsdalsveg 27. Eigandi hússins, Þröstur Marzellíusson, segir að skemmdirnar séu tilkomnar vegna snjómoksturs en húsið stendur nánast við veginn. „Þegar verið er að ryðja snjó hafa starfsmenn Vegagerðarinnar ekki alltaf haft varann á. Þegar verst lætur hafa þeir keyrt framhjá á fullri ferð og þeytt klökum og snjó langt upp á útveggina. Klæðning hefur látið verulega á sjá eftir þessar aðfarir og er nú orðin gott sem ónýt,“ segir Þröstur, sem fékk viðurkenndan matsmann til þess að skoða tjónið. „Hans mat var að tjónið næmi 2,4 milljónum króna.“

Þröstur fór á fund Vegagerðarinnar til viðræðna um mögulega bætur. „Mér var vel tekið á skrifstofu Vegagerðarinnar á Ísafirði og þar vildu menn allt fyrir mig gera. Þeir hafa líka passað sig mun betur við moksturinn upp frá þessu. Annað hljóð var þó í lögmanni Vegagerðarinnar sem þvertók fyrir að skemmdirnar væri tilkomnar vegna snjómoksturs. Þetta kom mér mjög á óvart því í mínum huga er ekki minnsti vafi um hvað hefur valdið tjóninu, enda kemur eiginlega ekki neitt annað til greina,“ segir Þröstur, sem segir þó ólíklegt að hann láti reyna á málið fyrir dómstólum.

– kte@bb.is



Einnig eru gluggar og hurð fyrirtækisins farin að láta á sjá.

Til varnar Vestfirðingum

Stakkur skrifar >

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mál-efnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður.

Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Lengi hafa Vestfirðingar átt undir högg að sækja. Þrátt fyrir að þeir hafi lagt drjúgt til þjóðarbúsins og leggi enn, hefur byggð átt undir högg að sækja á Vestfjörðum alla síðustu öld. Sléttuhreppur, sem var útvörður byggðar nyrst á Vestfjörðum, lagðist í eyði árið 1952. Áratug síðar féll næsta sveitarfélag, Grunnavíkurhreppur og síðasta aldarfjórðung hefur íbúum á Vestfjörðum fækkað um fjórðung eða 25%, sem svarar til þess að á hverju ári hafi fækkað um ríflega eitt hundrað manns. Oft hefur á þessum vettvangi verið bent á þá staðreynd hve ógnvænleg þessi þróun er og varað við afleiðingum hennar.

Hvað er til varnar? Því er vandsvarað, en fullkomlega augljóst er að spyrna verður við fæti af fullum þunga vilji menn ekki sjá byggð eyðast. Lesi menn bókina Sléttuhreppur. Fyrrum Aðalvíkursveit, Byggð og búendur eftir Kristinn Kristmundsson og Þórleif Bjarnason, sem Áttthagafélag Sléttuhrepps gaf út árið 1971, hlýtur lesandinn að gera sér grein fyrir því hve mikilvægt er að grípa til aðgerða strax. Ella má gera ráð fyrir því að örlög vesfirska byggða verði áþekkt örlögum byggðar í Sléttuhreppi. Það sem gerðist þar var einfalt og er því miður gömul saga og ný.

Hið hættulega er að dæmin um vörn byggðar sem lætur á endanum undan er að finna um allan heim, en við ættum að láta okkur nægja nærtækari dæmi úr fyrrum Sléttuhreppi, þar sem sagan um baráttu byggðar er skráð með afar skýrum hætti og ætti að vera öllum, ekki

síst stjórnámálamönnum bæði á landsvísu og sveitarstjórnar-stigi aðvörun um það sem mun gerast verði ekki gripið til aðgerða strax til að stöðva fækkun íbúa á Vestfjörðum. Þegar komið var fram á fjórða áratuginn fóru þeir sem gátu úr hreppnum. Það gerðu þeir af sömu hvötum og maðurinn hefur alltaf gert, að leita betri tækifæra annars staðar. Þannig byggðust Bandaríkin.

Nærri sex áratugum eftir að byggð í Sléttuhreppi lagðist af eru möguleikar þjóðar, ríkis og sveitarfélaga mun meiri til að grípa til ráða sem stöðvað geta öfugþróun byggðar á Vestfjörðum. Þjóðin er auðugri og betur menntuð en fyrir miðja síðustu öld. Nú þegar byggð á Flateyri á undir högg að sækja reynir á stjórnámálamenn og vilja þeirra til að koma til aðstoðar. Ljóst er að fyrst og fremst skortir stefnumótun í byggðamálum á Íslandi.

Byggðastofnun hefur reynst gagnslítill. Hún er í raun einn bankinn enn, ríkisbanki sem lánar án þess að tryggingar séu nægar í mörgum tilvikum. Upphaflega var henni ætlað það hlutverk að styrkja byggð á Íslandi. Lítið verður vart við úrræði til þess að sinna því.

Nú þarf nýja hugsun og stefnumótun til framtíðar ella bíða fleiri byggða víða um land sömu örlög og Flateyrar og Flateyringa. Vestfirðingar þarfnast sárlega vana í baráttu sinni fyrir byggð. Vonandi eru þeir til og koma nú til hjálpar.



Frá barnþinginu þar sem ýmsar áhugaverðar hugmyndir komu fram.

Unnið að nýrri skólastefnu Ísafjarðarbæjar

Fjöldi manns vann að gerð nýrrar skólastefnu Ísafjarðarbæjar á tveimur þingum sem efnt var til í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði í síðustu viku. Á fimmtudag var þingið opið öllum en sérstaklega voru boðaðir einstaklingar, stofnanir og félagasamtök sem hagsmuna eiga að gæta eða búa yfir þekkingu í skólamálum. „Þingið gekk virkilega vel og góð vinna var unnin,“ segir Margrét Halldórsdóttir formaður fræðslunefndar Ísafjarðarbæjar. Á föstudag var síðan komið að yngri kynslóðinni að leggja sitt á vogarskálarnar en þá mættu fulltrúar 2.-10. bekkja

skóla sveitarfélagsins. „Barna voru tæplega 30 krakkar og þetta var virkilega skemmtilegt. Ég var sjálf í hópi með yngstu nemendum og þeir voru með margar góðar hugmyndir. Það sem stóð upp úr hjá þeim var að þeir vilja að kenndir verði fleiri verkgreinatímar á viku,“ segir Margrét. Meðal þess sem fram kom hjá nemendum var að þeir hafa áhuga á að læra spænsku og að áhersla verði lögð á að allir verði góðir við aðra og hjálpist að.

Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar samþykkti í haust að hefja heildar endurskoðun á skólastefnum

sveitarfélagsins og í kjölfarið var samþykkt að gera eina sameiginlega skólastefnu fyrir leik- og grunnskóla Ísafjarðarbæjar. Skólastefnunni skal vera lokið eigi síðar en í apríl. Nú verður farið í að taka saman það sem fram þingunum tveimur en það er aðeins einn þáttur í vinnu við skólastefnuna. „Þetta er viðamikil vinna enda þarf að fylgja ákveðnum lagaramma. M.a. hafa verið sendir út spurningalistar til foreldra og kennara bæði á leik- og grunnskólastigi auk þess sem nemendur hafa verið beðnir að svara nokkrum spurningum.“



Hæsta leikskólagjaldið er hjá Ísafjarðarbæ

Hæsta leikskólagjaldið á landinu er hjá Ísafjarðarbæ samkvæmt könnun verðlagseftirlits ASÍ sem framkvæmd var í byrjun þessa árs. Hjá Ísafjarðarbæ er gjaldið kr. 34.342,- en lægst gjald fyrir sömu þjónustu er hjá Reykjavíkurborg, kr. 21.764. Munurinn er því 12.578 krónur eða 63%. Gjald fyrir átta tíma vistun með fæði er mjög misjafnt eftir sveitarfélögum.

Á landsvísi er sú breyting áberandi að afslættir hafa víða verið minnkaðir eða jafnvel aflagðir og vekur sérstaka athygli hveru dýr síðasti klukkutíminn í 9 tíma vistun er orðinn. Algeng hækkun á 9 tíma leikskólaplássi er 3-8%. Kópa-

vogur sker sig þó úr þar sem gjaldið var hækkað um 30%. Námsmenn, einstæðir foreldrar og aðrir forgangshópar sem borga lægri leikskólagjöld eru ekki undanskýldir þessum hækkunum.

Lægsta mánaðargjald fyrir forgangshópa í 8 tíma vistun með fæði er í Reykjavík 12.860 krónur en hæsta mánaðargjaldið greiða foreldrar á Ísafirði eða 25.598 krónur. Lægsta mánaðargjaldið fyrir forgangshópa í 9 tíma gæslu með fæði er í Reykjavík 17.213 krónur en hæsta mánaðargjaldið fyrir sömu þjónustu er á Fljótaldshéraði á 32.508 krónur.

– thelma@bb.is



3 ltr.
1.995,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ ↓
HÚSASMÍÐJUNNAR*

Innimálning
Gljástig 10, 3 ltr.
7119960

LÆGRA VERÐ

Í ÖLLUM HELSTU VÖRUFLOKKUM

LÆGSTA LÁGA VERÐ ↓
HÚSASMÍÐJUNNAR*



Dömupeysa
Powerstretch og íslensk ull.
5863762-75

islensk hönnun

9.990,-



1.799,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ ↓
HÚSASMÍÐJUNNAR*

Stingsög
Power Plus, 350W.
5245207



6.990,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ ↓
HÚSASMÍÐJUNNAR*

Handlaugartæki
Winný m/lyftitappa.
7900012

POTTAPLÖNTU ÚTSÖLU LÝKUR UM HELGINA 20-50% AFSLÁTTUR

blómaval
heillandi heimur



59.890,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ ↓
HÚSASMÍÐJUNNAR*

Kælir
Frigor, 221 ltr.
142x58x55
1805497



1.190 kr/m²

LÆGSTA LÁGA VERÐ ↓
HÚSASMÍÐJUNNAR*

Plastparket
3ja stafa eik, 6 mm.
146956

Látum verkin tala!



*Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma. Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Sælkeri vikunnar er Hildur Halldórsdóttir á Ísafirði

Rækjusúpa og rabarbarakaka

„Uppskriftnin að rækjusúpu-
unni varð til einhverju sinni
þegar ég fann ekkert í ísskápn-
um til að elda úr nema 2 rauðar
paprikur og rakst svo á rækju-
poka í frystinum. Rabarbara-
bakan er úr smiðju tengdamóð-
ur minnar, Erlu Karlsdóttur í
Fagradal. Alveg sérlega fljót-
legur og gómsætur eftirréttnur
á sumrin og jafnvel á veturna
ef maður hefur verið svo for-
sjáll að saxa niður rabarbara
og setja í frystinn.“

Rækjusúpa Hildar

2 paprikur (rauðar)

1 laukur
1 msk smjör
1 dós kókosmjólk
1 l vatn
1 grænmetisteningur
2 msk humarsúpukraftur
(Oscar)
2 tsk paprikuduft
½ dl matreiðslurjómi
Aromat eftir smekk
200 gr rækjur

Grænmeti saxað og steikt í
smjöri í potti. Kókosmjólk, vatn,
teningur, kraftur og paprikuduft
sett í pottinn og látið malla stutta
stund. Að því loknu er töfrasproti

notaður til að fínsaxa grænmetið
í súpunni og hún smökkuð til
með matreiðslurjóma og aromati.
Þessu næst er suðan látin koma
upp og rækjur settar út í og látnar
hitna í gegn.
Súpan er svo borin fram með
grískri jógúrt, sýrðum rjóma eða
ab-mjólk.

Fagradals rabarbarabaka

300 g rabarbari
2 stk. egg
2 dl sykur
Sykurinn og eggin þeytt saman
og sett í smurt eldfast form.
Rabarbaranum stráð yfir.



2 dl púðursykur
2 dl hveiti
200 gr smjör
Þetta hnoðað saman og stráð
yfir rabarbaran í eldfasta form-
inu.
Bakað í 45-50 mín. við 180-
200°C. Í stað rabarbarans er hægt

að nota bláber eða blanda
þessu tvennu saman. Bakan
er borin fram með ís og/eða
þeyttum rjóma.

Ég skora á Katrínu Líney
Jónsdóttur á Ísafirði að vera
næsti sælkeri vikunnar.

Halldór Sveinbjörnsson í veltuæfingu á grænenskum kajak frá Greenland kayaks.

Fyrstu kajakarnir frá Hnífsdal

Fyrstu kajakgrindurnar sem smíðaðar eru á Hnífsdal verða sendar til útlanda í lok janúar eða byrjun febrúar. Þetta er í fyrsta skipti sem kajakar eru smíðaðir sérstaklega til útflutnings á Íslandi. Tveir menn vinna við smíðina og ef salan verður eins góð og vonir standa til fjölga-
ar þeim í fjóra. Framleiðslan er á vegum fyrirtækisins Greenland Kayaks sem er að hluta til í eigu Bygðastofnunar Grænlands. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins er Baldvin Kristjánsson sem hefur verið kajakleiðsögu-
maður og -kennari til margra ára. Baldvin segir í samtali við Morgunblaðið að ekki sé leyfilegt að flytja kajakana fullsmíðaða til landa Evrópusambandsins heldur verði að fullsmíða bátana inni í sambandinu. Ísland geti ekki flutt báta til ESB nema þeir séu smíðaðir eftir móti, líkt og t.d. trefja-
plastbátar, og skoðunarmenn Evrópusambandsins séu búnir að staðfesta að mótið standist Evrópukröfur. Grænlenku kajakarnir séu ekki smíðaðir eftir móti og því sé fullnaðarframleiðsla hér á landi ómöguleg.

Baldvin segir að þótt Grænland sé ekki í ESB sé hægt að fullsmíða báta svipaðrar gerðar þar með því að senda bátana fyrst til Danmerkur. Þar sem Grænland heyrir undir Danmörku hafi verið hægt að lauma þeim bakdyrmegin inn í ESB. „Þannig er það nú, það er ekki allt unnið með því að vera utan við ESB,“ segir Baldvin.
Afsömu ástæðum sé ekki hægt að senda bátana fullsmíðaða til Bandaríkjanna, hvort sem þeir eru framleiddir á Íslandi eða innan ESB. Á hinn bóginn sé hægt að senda grindurnar til Bandaríkjanna og klára framleiðsluna þar. Bandaríkjamenn gera með öðrum orðum sömu kröfur og ESB. Á báðum þessum tollsvæðum þurfi að framleiða bátana innan viðkomandi tollsvæða og þarf smíðin að standast ýmsar reglugerðir.
Eins og stendur eru það þó ekki kröfur ESB eða Bandaríkjanna sem koma í veg fyrir að bátarnir séu fluttir fullsmíðaðir úr landi. Hér á landi eru nefnilega ekki til vélar sem ráða við að sauma dúkinn á grindina. Baldvin

segir að þetta hafi komið sér verulega á óvart. Hann hafi leitað mikið að fyrirtæki sem gæti saumað dúkinn á bátana en ekkert hefði treyst sér til þess. Ekkert fyrirtæki hefði heldur getað fræst tiltekin stykki í grindina sem þarf að fræsa með svonefndri tölvufræsun. Í staðinn var kanadískt fyrirtæki sem framleiðir hluta í dýr húsgögn fengið til að sjá um tölvufræsunina. Hér á landi sé hvorki þekking né tæki til slíkrar framleiðslu sem hljóti að vera áhyggjuefni. „Það vantar alls konar smáíðnað á Íslandi,“ segir hann.
Hönnun bátanna byggir á hefðbundnum grænlenku kajakunum en segja má að um alþjóðlegt verkefni sé að ræða. Stærstur hluti framleiðslunnar fer fram hér á landi en einnig er eða hefur verið unnið að gerð bátanna í Bandaríkjunum, Kanada, Austurríki, Noregi, Svíþjóð, Hollandi, Austurríki og Englandi, að sögn Baldvins.
Grindin er úr nokkrum mismunandi trjátegundum en dúkurinn er úr niðsterku gerviefni. Í Hnífsdal er nú búið að setja sam-

an 15 grindur í kajakana en dúkurinn verður settur á í Svíþjóð og þar fer lokafrágangur fram. Grindurnar fara á sölusýningar þar, í Noregi og víðar. Þegar sú sending er klár verður byrjað að framleiða upp í pantanir hér á landi sem eru orðnar allnokkrar. Til að ná fimm ársverkum, þar af fjórum á Íslandi, þarf framleiðslan að vera um 150 bátar á ári.
Á Íslandi er miðað við að bátarnir kosti 250.000 krónur en þeir verða um helmingi dýrari í Noregi. Til samanburðar má nefna að trefjaplastkajak af bestu gerð hefur til skamms tíma kostað um

500.000 krónur, tvöfalt meira en fyrir banka- og krónuhrun. Baldvin segir að töluverður vöxtur sé í kajaksporntinu á Norðurlöndunum. Eigendur Point 65 sem er stærsti kajakframleiðandi á Norðurlöndunum hafi bent á að þegar kreppa skelli á í efnahagslífinu aukist áhugi á kajaksporntinu. „Það er vegna þess að fólk ferðast á heimaslóðum. Þannig að kreppa er góð fyrir kajaksporntið, það er að segja meðan ekki er gjaldmiðilskreppa,“ segir Baldvin Kristjánsson. Frá þessu var sagt á mbl.is.
– thelma@bb.is



Kómedíuleikhúsið



Kómedíuleikhúsið
Miðasölusími: 450 5565

Síðasti dagur Sveins skotta
21. jan. fös. kl. 20
22. jan. lau. kl. 20
23. jan. sun. kl. 20
27. jan. fim. kl. 20
28. jan. fös. kl. 20

Edinborgarhúsið
Edinborgarhúsið
Félagsheimilið Þingeyri
Tjarnarbió Reykjavík
Tjarnarbió Reykjavík

Vestfirskur skáldskapur á 57 mínútum
4. feb. fös. kl. 20
5. feb. lau. kl. 20
11. feb. fös. kl. 20
12. feb. lau. kl. 20
17. feb. fim. kl. 20
18. feb. fös. kl. 20

Arnardal
Arnardal
Arnardal
Arnardal
Arnardal
Arnardal

FIMMTUDAGUR 27. JANÚAR 2011

23

KJARNAFÆÐI

Norðlenskur - úrvals blandaður SÚRMATUR



Súrmatur frá Kjarnafæði
- hinn íslenski porramatur